

Alþingiskosningar 1999
Elections to the Althingi 1999

Útgefandi *Published by*
Hagstofa Íslands *Statistics Iceland*
Mars 2002

ISBN 9979-770-04-X
ISSN 1017-6667

Umsjón *Edited by*
Guðni Baldursson

Prentun og bókband *Printed and bound by:* Gutenberg ehf.
Pappír *Paper:* Kymexcode 80 gr.
Letur *Font:* Times New Roman, 8 pt á 9 pt fæti

Umbrot *Layout:* Hagstofa Íslands

Upplag *Copies:* 300
Verð *Price:* 1.000 kr.

Sala og áskrift *Sale and subscription:* Hagstofa Íslands
Sími *Telephone:* 560 9860 og 560 9866
Bréfasími *Fax:* 562 3312
Netfang *E-mail:* afgreidsla@hagstofa.is

Ljósmynd á forsíðu *Cover photograph:* Ímynd, Guðmundur Ingólfsson

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

© **Hagstofa Íslands 2002**

Hagstofa Íslands *Statistics Iceland*
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

Sími *Telephone:* 560 9800
Bréfasími *Fax:* 562 8865

Netfang: hagstofa@hagstofa.is
E-mail: statice@statice.is

Veffang: www.hagstofa.is
Web site: www.statice.is

Formáli

Kosningaskýrslur voru fyrst gefnar út hér á landi árið 1882 og tóku þær til alþingiskosninga árið 1880 og aukakosninga árið 1881. Árið 1912 var í *Landshagsskýrslum* birt skýrsla Klemensar Jónssonar um allar almennar þingkosningar árin 1874–1911. Eftir þetta tóku við kosningaskýrslur Hagstofunnar og náðu hinar fyrstu til alþingiskosninga árin 1908–1914. Hagstofan hefur frá upphafi gefið út skýrslur sínar um alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðar-atkvæðagreiðslur í röðinni *Hagskýrslur Íslands*. Í ritröðinni hafa með þessari skýrslu verið gefin úr 35 rit um kosningar. Þá hefur Hagstofan tekið saman skýrslur um sveitarstjórnarkosningar frá árinu 1930 og lengst af birt í *Hagtíðindum*. En frá og með sveitarstjórnarkosningum 1990 eru þær gefnar út sérstaklega sem hluti af *Hagskýrslum Íslands*.

Sú skýrsla, sem hér birtist um alþingiskosningarnar 1999, er 50. kosningaskýrslan frá upphafi.

Heimildir þær um alþingiskosningarnar 8. maí 1999 sem þessi skýrsla byggist á, eru eftirfarandi:

1. Tölur um kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði eru eftir skýrslum undirkjörstjórna, sem þær gera á eyðublöð og Hagstofan lætur í té.

2. Upplýsingar um framboðslista, þ.m.t. nöfn, starfsheiti og heimilisföng frambjóðenda, eru eftir auglýsingum yfirkjörstjórna þar að lútandi, en þær hafa verið samræmdar. Þar sem upplýsingaratriði hefur vantað í auglýsingu hefur þeim verið bætt í eftir öðrum heimildum, svo sem eftir upplýsingum frambjóðenda eða starfsmanna framboðsaðila. Fullt heimilisfang er ritað ef það er í strjálbýli, en annars er aðeins getið þéttbýlisstaðar.
3. Tölur um kosningaúrslit og úthlutun þingsæta eru fengnar úr skýrslum yfirkjörstjórna til landskjörstjórnar og úr skýrslum landskjörstjórnar til Hagstofunnar, en hún hefur sjálf skipulagt framsetningu efnisins.

Á Hagstofunni hefur Guðni Baldursson séð um gagnasöfnun, úrvinnslu og gerð þessarar skýrslu en Sigurborg Steingrimsdóttir annaðist umbrot ritsins.

Hagstofu Íslands í mars 2002

Hallgrímur Snorrason

Preface

After its foundation in 1914 Statistics Iceland became responsible for compiling and publishing reports on elections in the country. The first report in 1914 covered general elections in the period 1908–1914 but two election reports covering the period 1874–1911 had already been published in 1882 and 1912. From the beginning the institution has published its reports on general elections to the Althingi, presidential elections and referenda in the series *Statistics of Iceland*, altogether 35 reports including the present issue. Since 1930 Statistics Iceland has also compiled reports on local government elections. These appeared in *Monthly Statistics* until the institution started to publish them separately in the *Statistics of Iceland* series, the first covering the elections in 1990.

The main sources on which the present report is based are the following:

1. Statistics on voters on the electoral roll and votes cast

are based on reports submitted by local election boards to Statistics Iceland.

2. Information on candidate lists and candidates is based on advertisements by constituency election boards.
3. Information on election results and allocation of seats is based on reports submitted by constituency election boards to the national election board and on reports submitted by the latter to Statistics Iceland which in turn has prepared the actual presentation of the tables.

For Statistics Iceland, Guðni Baldursson have been in charge of the data collection, processing and compiling of the report while the layout was in hands of Sigurborg Steingrimsdóttir.

Statistics Iceland in March 2002

Hallgrímur Snorrason

Merking tákna í hagskýrslum

Symbols used in this publication

„	endurtekning	<i>sign of repetition</i>
–	núll, þ.e. ekkert	<i>nil</i>
0	talán er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er	<i>less than half of the unit used</i>
•	tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt	<i>category not applicable</i>
...	upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk	<i>not available or result not statistically significant</i>
,	komma aðskilur heila tölu og aukastafi	<i>decimal separator</i>
()	tala í sviga er ekki meðtalin í samtölu	<i>figure not included in total</i>
ISK	íslenskar krónur	<i>Icelandic krónur</i>

Lárétt strik í talnaröð táknar að tölur hvor sínu megin eru ekki sambærilegar vegna breytinga í talnasöfnun. *A horizontal line across a time series indicates a marked break in the series.*

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. *Figures may not add up because of rounding.*

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	7
1. Framkvæmd kosninganna	7
2. Tala kjósenda á kjörskrá	8
3. Kosningabáttaka	13
4. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi	13
5. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar	13
6. Framboðslistar og frambjóðendur	17
7. Úrslit kosninganna	22
8. Úthlutun þingsæta	23
9. Breytingar á framboðslistum	25
10. Kjörnir þingmenn	25
11. English summary	27
1. yfirlit Úthlutun 9 þingsæta til kjördæma skv. b.-lið 1. mgr. 5. gr. kosningalaga fyrir alþingiskosningar 8. maí 1999	8
2. yfirlit Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningabáttaka eftir kyni 1874–1999	9
3. yfirlit Kjósendur og kjörskrá með lögheimili hér á landi og erlendis 1987–1999	10
4. yfirlit Kjósendur á kjörskrá og á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 8. maí 1999	10
5. yfirlit Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningum 1983–1999	11
6. yfirlit Kosningabáttaka í alþingiskosningum 8. maí 1999	14
7. yfirlit Sveitarfélög eftir þáttöku í alþingiskosningum 8. maí 1999	14
8. yfirlit Atkvæði greidd utan kjörfundar 1916–1999 og tala kjördeilda 1931–1999	15
9. yfirlit Atkvæði greidd utan kjörfundar og samkvæmt vottorði við alþingiskosningar 8. maí 1999	16
10. yfirlit Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar innanlands fyrir alþingiskosningar og forsetakjör 1991–1999	16
11. yfirlit Frambjóðendur við alþingiskosningar 8. maí 1999	17
12. yfirlit Frambjóðendur stjórnmalasamtaka í hverju kjördæmi eftir kyni við alþingiskosningar 8. maí 1999 ..	18
13. yfirlit Frambjóðendur stjórnmalasamtaka í hverju kjördæmi eftir lögheimili við alþingiskosningar 8. maí 1999	19
14. yfirlit Framboð við alþingiskosningar 1959–1999	19
15. yfirlit Úrslit alþingiskosninga 1916–1999	20
16. yfirlit Auðir seðlar og ógildir í kosningum 1908–1999	22
17. yfirlit Úthlutun þingsæta til landsframboða í alþingiskosningum 8. maí 1999	24
18. yfirlit Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1874–1999, kyn og meðalaldur	26
Kort. Kjördæmaskipting landsins	32
Tölur	
Tafla 1. Kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði í alþingiskosningum 8. maí 1999	34
Tafla 2. Kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði í alþingiskosningum 8. maí 1999 eftir lögheimili hér á landi og erlendis	39
Tafla 3. Framboðslistar við alþingiskosningar 8. maí 1999	42
Tafla 4. Kosningaúrslit í hverju kjördæmi í alþingiskosningum 8. maí 1999	51
Tafla 5. Kjördæmistala reiknuð samkvæmt 111. gr. kosningalaga til úthlutunar þingsætum eftir úrslitum í kjördæmum í alþingiskosningum 8. maí 1999	52
Tafla 6. Úthlutun þingsæta samkvæmt 111. gr. kosningalaga eftir úrslitum í kjördæmum í alþingiskosningum 8. maí 1999	55
Tafla 7. Úthlutun þingsæta samkvæmt 112. gr. kosningalaga til landsframboða eftir úrslitum á landinu öllu í alþingiskosningum 8. maí 1999	58
Tafla 8. Hlutfallstala reiknuð samkvæmt 113. gr. kosningalaga til úthlutunar þingsætum eftir úrslitum á landinu öllu í alþingiskosningum 8. maí 1999	59
Tafla 9. Úthlutun þingsæta samkvæmt 113. gr. kosningalaga eftir úrslitum á landinu öllu í alþingiskosningum 8. maí 1999	69
Tafla 10. Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 8. maí 1999	70
Eldri skýrslur um kosningar	73
Ritröðin Hagskýrslur Íslands	75

Contents

Preface	3
Introduction	7
11. English summary	27
Summary 1. Allocation of 9 additional seats to constituencies prior to general elections 8 May 1999	8
Summary 2. Voters on the electoral roll, votes cast and participation in elections, by sex, 1874–1999	9
Summary 3. Voters on the electoral roll with domicile in Iceland or abroad 1987–1999	10
Summary 4. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to general elections 8 May 1999	10
Summary 5. Voters on the electoral roll per each Member of the Althingi in general elections 1983–1999	11
Summary 6. Participation in general elections 8 May 1999	14
Summary 7. Municipalities by participation in general elections 8 May 1999	14
Summary 8. Absentee votes 1916–1999 and number of polling stations 1931–1999	15
Summary 9. Absentee votes and votes cast at a polling station other than that of registration in general elections 8 May 1999	16
Summary 10. Absentee votes cast in Iceland in elections 1991–1999	16
Summary 11. Candidates for general elections 8 May 1999	17
Summary 12. Candidates by political organization, constituency and sex in general elections 8 May 1999	18
Summary 13. Candidates by political organization, constituency and domicile in general elections 8 May 1999	19
Summary 14. Candidate lists for general elections 1959–1999	19
Summary 15. Outcome of general elections 1916–1999	20
Summary 16. Blank and void ballots in election 1908–1999	22
Summary 17. Seats allocated to political organizations in general elections 8 May 1999	24
Summary 18. Members elected in general elections 1874–1999 by sex and mean age of members	26
Map. Division of Iceland into constituencies	32
 Main tables	
Table 1. Voters on the electoral roll and votes cast in general elections 8 May 1999	34
Table 2. Voters on the electoral roll and votes cast in general elections 8 May 1999, by domicile in Iceland or abroad	39
Table 3. Candidate lists in general elections 8 May 1999	42
Table 4. Outcome of general elections 8 May 1999 by constituencies	51
Table 5. Calculation of allocation quotas, according to Art. 111 of the General Elections Act, for the allocation of seats based on constituency results in general elections 8 May 1999	52
Table 6. Allocation of seats, according to Art. 111 of the General Elections Act, based on constituency results in general elections 8 May 1999	55
Table 7. Allocation of seats, according to Art. 112 of the General Elections Act, to political organizations based on national results in general elections 8 May 1999	58
Table 8. Calculation of allocation ratios, according to Art. 113 of the General Elections Act, for the allocation of seats based on national results in general elections 8 May 1999	59
Table 9. Allocation of seats, according to Art. 113 of the General Elections Act, based on national results in general elections 8 May 1999	69
Table 10. Members of the Althingi elected in general elections 8 May 1999	70
Previous reports on elections	73
The series Statistics of Iceland	75

Inngangur

Introduction

1. Framkvæmd kosninganna

Background of the elections

Kosningar til Alþingis fóru fram 8. maí 1999.

Í lögum um kosningar til Alþingis er kveðið á um kjörtímabil Alþingis:

„Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi. Kjörtímabilið er fjögur ár.“¹

Síðast var kosið til Alþingis 8. apríl 1995 og hefðu því reglulegar alþingiskosningar átt að verða í síðasta lagi 27. mars 1999 þar sem 3. apríl bar upp á aðfangadag páska.

Í kosningalögum frá 1934 var kjördagur ákveðinn síðasti sunnudagur í júní. Því var breytt 1981 í síðasta laugardag í júní. Í kosningalögum frá 1987 sagði að þá er almennar reglulegar alþingiskosningar færur fram væri kjördagur annar laugardagur í maí. Alþingiskosningarnar 1979–1995 voru allar haldnar utan lögbundins kjörtíma. Árin 1979 og 1983 var þing rofið áður en kjörtímabilið rann út en 1987 og síðan hefur það runnið út í aprílmánuði. Ákvæði kosningalaga um að kjörtímabilið sé fjögur ár leiddi til þess að kosningarnar færðust fram og fram í aprílmánuði og hefðu eins og segir hér að ofan færst fram í marsmánuð 1999 hefði því ekki verið breytt með ákvæði til bráðabirgða í stjórnarskipunarlögum árið 1995 þar sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. og 45. gr. stjórnarskrárinnar skulu næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999 nema Alþingi hafi áður verið rofið.“²

Samkvæmt þessu fóru kosningarnar fram laugardaginn 8. maí 1999.

Samkvæmt stjórnarskrá eru kjördæmin átta og hefur svo verið frá 1959. Með breytingu stjórnarskrárinnar 1984, sem kom til framkvæmda í kosningunum 1987, fjölgaði þingsætum úr 60 í 63. Af þessum 63 þingsætum eru 54 bundin í stjórnarskrá eftir lágmarkstölu í hverju kjördæmi en kosningalög kveða að öðru leyti á um skiptingu hinna 9 milli kjördæma. Lágmarkstala bundinna þingsæta í kjördæmum er hin sama og tala kjördæmiskjörinna þingmanna var frá 1959 nema í Reykjavíkurborg kjördæmi þar sem hún er 14 en var 12 og í Reykjaneskjördæmi þar sem lágmarkstalan er 8 en var 5.³

Samkvæmt ákvæðum kosningalaga frá 1987 skyldi fyrir hverjar kosningar ráðstafa 8 þingsætum, en einu þingsæti var ráðstafað til kjördæmis að loknum hverjum kosningum. Þingsætin 8, sem ráðstafað var fyrir kosningarnar 1987 og 1991, fóru til þriggja kjördæma: 4 til Reykjavíkurborg, 3 til Reykjaneskjördæmis og 1 til Norðurlandskjördæmis eystra. Óbundna þingsætinu („flakkaranum“) var ráðstafað

til Vesturlandskjördæmis eftir kosningarnar 1987 en til Vestfjarðakjördæmis 1991. Samkvæmt fjölda kjósenda á kjörskrá í kosningunum 1991 áttu þingsætin 8 hins vegar að skiptast jafnt milli Reykjavíkurborgkjördæmis og Reykjaneskjördæmis við næstu kosningar. Úrslit kosninganna hefðu síðan ráðið því hvert óbundna þingsætið hefði farið.

Kosningalögum var breytt í febrúar 1995⁴ þannig að ákvæðið um óbundna þingsætið var fellt niður. Er nú öllum þingsætunum 9, sem ráðstafað er samkvæmt kosningalögum, úthlutað fyrir kosningar. Jafnframt var deilittölum til úthlutunar breytt svo að níunda sætið kæmi að þessu sinni í hlut Reykjavíkurborgkjördæmis. Við þessar breytingar fóru því 5 þingsæti til Reykjavíkurborgkjördæmis en 4 til Reykjaneskjördæmis.

Ákvæði um skiptingu þingsæta milli kjördæma eru í kosningalögum frá 1987. Í a-lið 1. mgr. 5. gr. er kveðið á um hvernig bundnu þingsætin 54 skuli skiptast milli kjördæma. Í b-lið sömu mgr. er kveðið á um hvernig þau þingsæti, sem ráðstafa skal fyrir hverjar kosningar, eigi að skiptast milli kjördæma. Við skiptingu þeirra er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu almennum þingkosningum á undan. Eftir breytingu á kosningalögum 1995 gilda eftirfarandi reglur um skiptinguna:

1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennum alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o. s. frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
2. Hafi kjördæmi hlotið fleiri þingsæti en 5 samkvæmt stjórnarskrárbundnu skiptingunni skal fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsæti kemur í hlut þess kjördæmis sem þá hefur hæsta útkomutölu o. s. frv. uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
4. Séu tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar samkvæmt 3. tölulíð þegar að þeim kemur skal hluta um röð þeirra.⁵ Samkvæmt kosningalögum⁶ gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út auglýsingu árið 1995⁷ um þingsætatölu kjördæma við næstu almennu kosningar til Alþingis samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. sömu laga. Samkvæmt henni skyldu þingsætin 63 skiptast eins og hér fer á eftir. Til samanburðar er einnig sýnd skipting þeirra 54 þingsæta sem bundin eru samkvæmt stjórnarskrá.

¹ 57. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80 16. október 1987, sbr. 16. gr. laga nr. 9 27. febrúar 1995.

² 3. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 100 28. júní 1995 um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944.

³ 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1984.

⁴ Lög nr. 9/1995.

⁵ 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 9/1995.

⁶ 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1987.

⁷ Auglýsing nr. 322 31. maí 1995.

1. yfirlit. Úthlutun 9 þingsæta til kjördæma skv. b.-lið 1. mgr. 5. gr. kosningalaga fyrir alþingiskosningar 8. maí 1999¹

Summary 1. Allocation of 9 additional seats to constituencies prior to general elections 8 May 1999¹

	Reykjavík- kjördæmi	Reykjanes- kjördæmi	Vestur- lands- kjördæmi	Vestfjarða- kjördæmi	Norður- lands- kjördæmi vestra	Norður- lands- kjördæmi eystra	Austur- lands- kjördæmi	Suðurlands- kjördæmi
Kjósendur á kjörskrá í alþingis- kosningum 8. apríl 1995 ² <i>Voters on the electoral roll in general elections 8 April 1995²</i>	77.539	48.558	9.850	6.334	7.197	18.971	9.034	14.490
Deilt með 10 <i>Divided by 10</i>	[7.754]	[4.856]	985	633	720	[1.897]	903	[1.449]
Deilt með 13	[5.965]	[3.735]	.	.	.	1.459	.	1.115
Deilt með 16	[4.846]	[3.035]
Deilt með 19	[4.081]	2.556
Deilt með 22	[3.525]	2.207
Deilt með 25	[3.102]	1.942
Deilt með 28	[2.769]	1.734
Deilt með 31	[2.501]	1.566
Deilt með 34	[2.281]
Deilt með 37	2.096
Deilt með 40	1.938
Deilt með 43	1.803
Deilt með 46	1.686
Deilt með 49	1.582
Deilt með 52	1.520

¹ Úthlutunin fer fram skv. b.-lið 1. mgr. 5. gr. kosningalaga. Feitletraðar tölur ráða úthlutun en tölur innan hornklofa svara til sæta sem eru þegar fastákveðin skv. stjórnarskrá, sbr. 2. tölul. b-liðar 1. mgr. 5. gr. kosningalaga. *Bold figures qualify for allocation of additional seats, while figures in brackets correspond to pre-allocated seats.*

² Í skýrslu um alþingiskosningar 1995 er villa á þessum stað, þar átti að standa: Kjósendur á kjörskrá í alþingiskosningum 20. apríl 1991. *In the report on the 1995 general elections a wrong date is given. This caption should have read as follows: Voters on the electoral roll in general elections 20 April 1991.*

Bundin þingsæti Þingsæti skv.
skv. stjórnarskrá augl. ráðuneytis

Reykjavíkurborg	14	19
Reykjaneskjördæmi	8	12
Vesturlandskjördæmi	5	5
Vestfjarðakjördæmi	5	5
Norðurlandskjördæmi vestra	5	5
Norðurlandskjördæmi eystra	6	6
Austurlandskjördæmi	5	5
Suðurlandskjördæmi	6	6
Allt landið	54	63

Eru sætin því 5 umfram lágmarkstölu í Reykjavíkurborgkjördæmi og 4 í Reykjaneskjördæmi. Í 1. yfirliti er sýndur sá útreikningur sem úthlutun jöfnunarsætanna er byggð á.

Kjalarneshreppur var sameinaður Reykjavík við sveitarstjórnarkosningarnar 1998. Í lögum um sameininguna segir: „Lög þessi ... hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.“⁸

Kjalarneskjördeild er áfram í Reykjaneskjördæmi og Reykjavíkurborg því skipt á tvö kjördæmi.

2. Tala kjósenda á kjörskrá

Number of voters on the electoral roll

Samkvæmt kosningalögum á kosningarrétt við kosningar til Alþingis hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarrétt eftir þann tíma enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum laganna.⁹

Við alþingiskosningarnar 8. maí 1999 var tala kjósenda á kjörskrá 201.443 eða 72,8% af íbúatalu landsins. Hér er miðað við að íbúatalan hafi verið 276.700 í maíbyrjun 1999. Tala kjósenda við almennar alþingiskosningar síðan Alþingi fékk lögjafarvald árið 1874, við þjóðaratkvæðagreiðslur 1918 og 1944 og forsetakjör 1952, 1968, 1980, 1988 og 1996, er sýnd í 2. yfirliti.

Í því yfirliti er hvorki sýnd tala kjósenda við kosningu landskjörinna þingmanna fimm sinnum á árunum 1916–1930 né við þjóðaratkvæðagreiðslur um innflutningsbann á áfengi 1908 og afnám þess 1933 og þegnskylduvinnu 1916, enda giltu reglur um kosningarrétt til alþingiskosninga ekki við þessar kosningar

⁸ 2. gr. laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur nr. 1730. mars 1998.

⁹ 1. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1991.

2. yfirlit. Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningabátttaka eftir kyni 1874–1999

Summary 2. Voters on the electoral roll, votes cast and participation in elections, by sex, 1874–1999

Alþingiskosningar nema annars sé getið <i>Elections to the Althingi unless otherwise specified</i>	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>				Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kosningabátttaka, % ² <i>Participation per cent²</i>		
	Alls <i>Total</i>	% ¹	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1874, haust <i>Autumn</i>	6.183	8,8	6.183	•	1.211	1.211	•	19,6	19,6	•
1880, september	6.557	9,1	6.557	•	1.618	1.618	•	24,7	24,7	•
1886, júní	6.648	9,2	6.648	•	2.036	2.036	•	30,6	30,6	•
1892, september	6.841	9,5	6.841	•	2.085	2.085	•	30,5	30,5	•
1894, júní	6.733	9,2	6.733	•	1.779	1.779	•	26,4	26,4	•
1900, september	7.329	9,4	7.329	•	3.573	3.573	•	48,7	48,7	•
1902, júní	7.539	9,5	7.539	•	3.968	3.968	•	52,6	52,6	•
1903, júní	7.786	9,8	7.786	•	4.155	4.155	•	53,4	53,4	•
1908, 11. apríl	11.726	14,1	11.726	•	8.486	8.486	•	75,7	75,7	•
1911, 28. október	13.136	15,4	13.136	•	10.303	10.303	•	78,4	78,4	•
1914, 10. september	13.400	15,3	13.400	•	7.475	7.475	•	70,0	70,0	•
1916, 21. október	28.529	31,7	16.330	12.199	14.030	10.593	3.437	52,6	69,1	30,2
1918, 19. október þjóðar- atkvæðagreiðsla <i>Referendum</i>	31.143	33,7	17.468	13.675	13.653	10.352	3.301	43,8	59,3	24,1
1919, 15. nóvember	31.870	34,3	17.630	14.240	14.463	10.138	4.325	58,7	74,1	39,1
1923, 27. október	43.932	45,2	20.710	23.222	31.146	16.183	14.963	75,6	83,7	68,4
1927, 9. júlí	46.047	44,9	21.721	24.326	32.928	17.713	15.215	71,5	81,5	62,5
1931, 12. júní	50.617	46,4	24.226	26.391	39.605	20.590	19.015	78,2	85,0	72,1
1933, 16. júlí	53.327	46,7	25.605	27.722	36.772	19.890	16.882	70,1	77,7	60,9
1934, 24. júní	64.338	56,4	31.039	33.299	52.444	27.383	25.061	81,5	88,2	75,3
1937, 29. júní	67.195	57,1	32.663	34.532	59.096	30.014	29.082	87,9	91,9	84,2
1942, 5. júlí	73.440	59,7	35.773	37.667	58.940	30.857	28.083	80,3	86,3	74,6
1942, 18.–19. október	73.560	59,7	36.017	37.543	60.576	31.554	29.022	82,3	87,6	77,3
1944, 20.–23. maí þjóðar- atkvæðagreiðsla <i>Referendum</i>	74.272	58,5	36.184	38.088	73.058	35.645	37.413	98,4	98,5	98,2
1946, 30. júní	77.670	59,0	38.048	39.622	67.896	34.804	33.092	87,4	91,5	83,5
1949, 23.–24. október	82.481	58,7	40.577	41.904	73.432	37.455	35.977	89,0	92,3	85,9
1952, 29. júní forsetakjör <i>Presidential election</i>	85.877	58,2	42.641	43.236	70.447	36.338	34.109	82,0	85,2	78,9
1953, 28. júní	87.601	58,4	43.423	44.178	78.754	40.306	38.448	89,9	92,8	87,0
1956, 24. júní	91.618	56,8	45.398	46.220	84.355	43.036	41.319	92,1	94,8	89,4
1959, 28. júní	95.050	55,3	47.317	47.733	86.147	44.049	42.098	90,6	93,1	88,2
1959, 25.–26. október	95.637	55,2	47.627	48.010	86.426	44.287	42.139	90,4	93,0	87,8
1963, 9. júní	99.798	53,9	49.762	50.036	90.958	46.315	44.643	91,1	93,1	89,2
1967, 11. júní	107.101	53,9	53.409	53.692	97.855	49.636	48.219	91,4	92,9	89,8
1968, 30. júní forsetakjör <i>Presidential election</i>	112.737	55,9	56.350	56.387	103.890	52.418	51.472	92,2	93,0	91,3
1971, 13. júní	118.289	57,6	59.085	59.204	106.975	54.496	52.479	90,4	92,2	88,6
1974, 30. júní	126.388	58,8	63.321	63.067	115.575	58.707	56.868	91,4	92,7	90,2
1978, 25. júní	137.782	61,6	68.788	68.994	124.377	62.883	61.494	90,3	91,4	89,1
1979, 2.–3. desember	142.073	62,6	71.041	71.032	126.929	64.314	62.615	89,3	90,5	88,2
1980, 29. júní forsetakjör <i>Presidential election</i>	143.196	62,8	71.604	71.592	129.595	64.519	65.076	90,5	90,1	90,9
1983, 23. apríl	150.977	63,8	75.424	75.553	133.304	67.462	65.842	88,3	89,4	87,1
1987, 25. apríl	171.402	70,0	85.694	85.708	154.438	77.528	76.910	90,1	90,5	89,7
1988, 25. júní forsetakjör <i>Presidential election</i>	173.829	69,9	86.931	86.898	126.535	59.113	67.422	72,8	68,0	77,6
1991, 20. apríl	182.768	70,8	91.332	91.436	160.142	80.280	79.862	87,6	87,9	87,3
1995, 8. apríl	191.973	71,8	95.921	96.052	167.751	83.708	84.043	87,4	87,3	87,5
1996, 29. júní forsetakjör <i>Presidential election</i>	194.705	72,4	97.294	97.411	167.334	81.870	85.464	85,9	84,1	87,7
1999, 8. maí	201.443	72,8	100.517	100.926	169.424	84.228	85.196	84,1	83,8	84,4

¹ Hlutfall kjósenda á kjörskrá af íbúatölu landsins. *Voters on the electoral roll as per cent of population.*² Í kjördæmum þar sem atkvæðagreiðsla fór fram (síðast var sjálfkjörð í kjördæmi 1933). *In constituencies where voting took place (if a candidate was uncontested in a constituency he was elected without voting. This has not occurred since 1933).*

3. yfirlit. Kjósendur á kjörskrá með lögheimili hér á landi og erlendis 1987–1999

Summary 3. Voters on the electoral roll with domicile in Iceland or abroad 1987–1999

	Alþingis- kosningar General elections 1987	Forsetakjör Presidential election 1988	Alþingis- kosningar General elections 1991	Alþingis- kosningar General elections 1995	Forsetakjör Presidential election 1996	Alþingis- kosningar General elections 1999
Kjósendur á kjörskrá Voters on the electoral roll	171.402	173.829	182.768	191.973	194.705	201.443
Lögheimili á Íslandi Domicile in Iceland	167.856	170.562	176.890	185.642	186.939	193.459
Lögheimili erlendis Domicile abroad	3.546	3.267	5.878	6.331	7.766	7.984
Fjölgun frá fyrri kosningum Increase on previous elections	20.425	2.427	8.939	9.205	2.732	6.738
Lögheimili á Íslandi Domicile in Iceland	...	2.706	6.328	8.752	1.297	6.520
Lögheimili erlendis Domicile abroad	...	-279	2.611	453	1.435	218
Fjölgun frá fyrri kosningum, % Increase on previous elections, per cent	13,5	1,4	5,1	5,0	1,4	3,5
Lögheimili á Íslandi Domicile in Iceland	...	1,6	3,7	4,9	0,7	3,5
Lögheimili erlendis Domicile abroad	...	-7,9	79,9	7,7	22,7	2,8
Hlutfall kjósenda með lögheimili erlendis, % Voters with domicile abroad, per cent	2,1	1,9	3,2	3,3	4,0	4,0

4. yfirlit. Kjósendur á kjörskrá og á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 8. maí 1999

Summary 4. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to general elections 8 May 1999

	Kjósendur á kjörskrá Voters on electoral roll	Fjölgun frá 1995, % Increase on 1995, %	Breyting frá kjörskrá- stofni, % Change from preliminary electoral roll, %	Kjósendur á kjörskrárstofni Voters on preliminary electoral roll				
				Alls Total	Kjósendur með lögheimili erlendis Voters with domicile abroad			Hlutfall, % Per cent
					Alls Total	Skemur en 8 ár Less than 8 years	8 ár og lengur 8 years or more	
Allt landið Iceland¹	201.443	4,9	-0,0	201.525	7.984	7.818	166	4,0
Reykjavíkurborgardæmi	82.374	6,2	-0,0	82.390	4.026	3.924	102	4,9
Reykjaneskjördæmi	54.681	12,6	-	54.681	2.174	2.137	37	4,0
Vesturlandskjördæmi	9.743	-1,1	-0,4	9.783	254	253	1	2,6
Vestfirðakjördæmi	5.695	-10,1	-0,1	5.699	186	176	10	3,3
Norðurlandskjördæmi vestra	6.839	-5,0	-0,1	6.846	133	133	-	1,9
Norðurlandskjördæmi eystra	19.011	0,2	-0,0	19.017	561	551	10	2,9
Austurlandskjördæmi	8.651	-4,2	-0,0	8.652	257	257	-	3,0
Suðurlandskjördæmi	14.449	-0,3	-0,1	14.457	393	387	6	2,7

¹ For division of the country into constituencies see map p. 32.

(nema þjóðaratkvæðagreiðslurnar 1908 og 1916 er talakjósenda var hin sama og við alþingiskosningar).

Konur á kjörskrá voru 409 fleiri en karlar við alþingiskosningar 1999.

Fram til 1903 nam kjósendatalan (fjöldi kjósenda á kjörskrá) 9–10% af íbúatölu landsins. Samkvæmt stjórnarskránni frá 1874 og kosningalögum höfðu karlar einir kosningarrétt og einungis bændur með grasnyt, kaupstaðarborgarar er greiddu til sveitar minnst 8 krónur á ári, þurrabúðarmenn er greiddu til sveitar minnst 12 krónur á ári, embættismenn og loks þeir sem lokið höfðu tilteknu lærdómsprófi. Lágmarksaldur

kosningarréttar var 25 ár. Þeir sem þegið höfðu sveitarstýrk höfðu ekki kosningarrétt nema þeir hefðu endurgoldið hann eða hann verið gefinn upp. Þá gat heldur enginn átt kosningarrétt nema hann hefði óflekkað mannorð og væri fjár síns ráðandi og hefði þar að auki búið í kjördæmi sínu eitt ár þá er kosning fór fram.¹⁰

Með breytingu stjórnarskrár árið 1903 fengu lausamenn kosningarrétt með sama hætti og kaupstaðarborgarar og

¹⁰ 17. gr. stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands, sbr. 1.–5. gr. laga um kosningar til alþingis nr. 16/1877.

þurrabúðarmenn og aukaútsvarsgreiðslan var lækkuð niður í 4 krónur. Áfram hélst það skilyrði að menn væru ekki háðir öðrum sem hjú.¹¹ Árin 1908–1914 var kjósendatalan 14–15% af íbúatölunni.

Konur og hjú fengu takmarkaðan kosningarrétt með breytingu á stjórnarskránni árið 1915. Lágmarksaldur þeirra var 40 ár en skyldi lækka um eitt ár árlega næstu 15 ár uns aldursmark þeirra yrði 25 ár, eins og þeirra sem höfðu kosningarrétt fyrir. Jafnframt var 4 króna aukaútsvarsgreiðsla felld niður sem skilyrði fyrir kosningarrétti. En við kosningarréttarskilyrðin var því bætt að kjósendinn yrði að vera fæddur hér á landi eða hafa átt hér lögheimili síðastliðin 5 ár.¹² Við þetta komst kjósendatalan upp yfir 30% af mannfjölda og smáhækkaði síðan eftir því sem aldursmark nýju kjósendanna lækkaði.

Með nýrri stjórnarskrá árið 1920 var hið sérstaka aldursmark nýju kjósendanna fellt niður. Þá féll niður það skilyrði að kjósendi yrði að vera fæddur á Íslandi en í stað þess kom að hann ætti ríkisborgararétt hér á landi og hefði verið búsettur á landinu síðustu fimm árin fyrir kosningar.¹³ Hækkaði nú kjósendatalan svo að hún varð um 45% íbúatölunnar.

Með stjórnarskrárbreytingu árið 1934 var aldursmark allra kjósenda lækkað í 21 ár. Sveitarstyrkþegar öðluðust nú kosningarrétt. Þá féll niður það skilyrði að kjósendi þyrfti að hafa átt lögheimili í kjördæmi sínu eitt ár hið minnsta.¹⁴ Urðu kjósendur þá meiri hluti þjóðarinnar, um 56%. Fæðingum fækkaði nokkuð á fjórða tug aldarinnar og óx því hluteild fólks á kosningaaldri í íbúatölunni og komst í um 60% í byrjun fimmta áratugarins. Á sjötta áratugnum fjölgaði börnum mjög en árgangar þeirra, sem náðu kosningaaldri, voru fámennir. Hlutfall kjósenda á kjörskrá af íbúafjölda fór því lakkandi allt til ársins 1967 þegar það var um 54%. Eftir

að farið var að byggja kjörskrá á kjörskrárstofnum þjóðskrár, frá og með árinu 1956, munu nákvæmari tölur um kjósendur eiga nokkurn þátt í að lækka hlutfallið, því líkur á að menn séu á kjörskrá í fleiri en einni kjördeild hafa minnkað stórlega við þetta. Frá þeim tíma eiga heldur ekki að vera með í kjósendatölunni þeir sem náðu kosningaaldri eftir kjördag á kosningarárinu, en samkvæmt þágildandi kosningalögum voru þeir á kjörskrá þótt þeir fengu ekki kosningarrétt fyrr en eftir kjördag. Ekki eiga heldur að vera á kjörskrá þeir sem dánir eru þegar kosning fer fram.

Kosningaaldur var lækkaður í 20 ár með stjórnarskrárbreytingu árið 1968¹⁵ og af þeim sökum hækkaði kjósendahlutfallið við forsetakjörið það ár. Jafnframt féllu niður þau skilyrði að kjósendur skyldu hafa verið búsettir hér á landi síðustu fimm árin fyrir kosningar og væru fjárráðir, heldur nægði nú að eiga lögheimili á Íslandi og vera eigi sviptur löggræði. Síðan hefur hlutfallið farið síhækkandi þar sem öll fólksfjölgun á landinu hefur orðið meðal þeirra sem eru á kosningaaldri. Hlutfall kjósenda af íbúatölu landsins var komið í 64% í alþingiskosningunum 1983.

Árið 1984 var kosningaaldur lækkaður í 18 ár með stjórnarskrárbreytingu og hafði það fyrst áhrif í alþingiskosningunum árið 1987. Kosningarréttur var að auki rýmkaður. Annars vegar var löggræðissvipting ekki lengur látin valda missi kosningarréttar og óflekkað mannorð varð ekki lengur skilyrði fyrir kosningarrétti. Hins vegar skyldi taka á kjörskrá þá sem fullnægðu skilyrðum kosningarréttar og höfðu átt lögheimili hér á landi á síðustu fjórum árum talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.¹⁶ Hlutfall kjósenda af íbúatölunni hækkaði í 70% árið 1987.

Með breytingu á lögum um kosningar til Alþingis árið 1991 var tími sá sem brottfluttur íslenskir ríkisborgarar eiga

5. yfirlit. Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningum 1983–1999¹

Summary 5. Voters on the electoral roll per each Member of the Althingi in general elections 1983–1999¹

	Kjósendur á hvert þingsæti sem ráðstafað er til kjördæmis fyrir kosningar <i>Voters per constituency seat allocated prior to the elections</i>					Kjósendur á hvert þingsæti að meðtölum sætum sem ráðstafað er eftir kosningar <i>Voters per seat including seats allocated after the elections</i>		
	1983	1987	1991	1995	1999	1983	1987	1991
Allt landið Iceland	3.081	2.765	2.948	3.047	3.196	2.516	2.721	2.901
Reykjavíkurborgkjördæmi	4.924	3.744	4.072	4.081	4.335	3.692	3.744	4.072
Reykjaneskjördæmi	6.624	3.578	4.033	4.047	4.557	3.680	3.578	4.033
Vesturlandskjördæmi	1.843	2.002	1.974	1.970	1.935	1.536	1.668	1.974
Vestfirðakjördæmi	1.280	1.362	1.313	1.267	1.139	1.280	1.362	1.094
Norðurlandskjördæmi vestra	1.347	1.459	1.438	1.439	1.368	1.347	1.459	1.438
Norðurlandskjördæmi eystra	2.685	2.560	2.631	3.162	3.169	2.301	2.560	2.631
Austurlandskjördæmi	1.616	1.804	1.822	1.807	1.730	1.347	1.804	1.822
Suðurlandskjördæmi	2.038	2.268	2.326	2.415	2.408	2.038	2.268	2.326

¹ Í kosningunum 1995 og 1999 var öllum þingsætum ráðstafað fyrir kosningar. *In the 1995 and 1999 elections all the constituency seats were allocated prior to the elections.*

¹¹ 1. mgr. 6. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 16/1903.

¹² 1. mgr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 12/1915.

¹³ 1. mgr. 29. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9/1920.

¹⁴ 1. mgr. 4. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 22/1934.

¹⁵ 1. mgr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 9/1968.

¹⁶ 1. mgr. 2. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 65/1984, sbr. 1. gr. laga nr. 66/1984.

sjálfkrafa kosningarrétt lengdur úr fjórum árum í átta ár, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Hafi menn átt lögheimili erlendis lengur en átta ár geta þeir áfram átt hér kosningarrétt hafi þeir sótt um það til Hagstofu Íslands. Sé umsókn fullnægjandi skal umsækjandi tekinn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili hér á landi. Ákvörðun um að einhver sé þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum eftir að umsókn var lögð fram.¹⁷

Í 3. yfirliti er sýnd tala kjósenda á kjörskrá sem lögheimili áttu erlendis í kosningum frá því árið 1987. Sést þar að þeir sem áttu lögheimili erlendis við alþingiskosningar 1999 voru 7.984 eða 4,0% kjósendatölnunnar og svarar það til 2,9% af íbúatölnunni. Þessum kjósendum fjölgaði frá alþingiskosningunum 8. apríl 1995 um 1.653 eða 26%. Kjósendum með lögheimili á Íslandi fjölgaði á sama tímabili um 7.854 eða 4,2%.

Breytingar á hlutfalli kjósenda af íbúafjölda hafa að hluta ræðist af íbúaskráningu námsmanna. Þeir sem fara utan til náms halda yfirleitt lögheimili sínu og kosningarrétti á Íslandi. Í lögum um lögheimili segir: „Sá sem dvelst erlendis við nám eða vegna veikinda, getur áfram átt lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott enda sé hann ekki skráður með fasta búsetu erlendis.“¹⁸ Hliðstætt ákvæði var í lögheimilislögum frá 1960.¹⁹ Ísland gerðist aðili að Norðurlandasamningi um almannaskráningu í febrúar 1969 er tók gildi 1. október sama ár.²⁰ Núverandi samningur um þetta efni er frá árinu 1990.²¹ Samningurinn felur það meðal annars í sér að sérhver einstaklingur, sem tekinn er á íbúaskrá í einu aðildarríki, skal um leið felldur af skrá í því landi sem hann flytur frá. Til þess að leysa þann vanda um ákvörðun kosningarréttar sem myndaðist vegna þessa, var sá háttur hafður árin 1971–1983 að fólk innan tiltekins aldurs (28 ára og yngri) sem flust hafði til annarra Norðurlanda var tekið á kjörskrárstofna. Sveitarstjórnir felldu þá af kjörskrárstofnum sem ekki voru námsmenn. Námsmenn sem voru yfir aldursmarkinu voru teknir á kjörskrá bæru þeir fram ósk um það. Íslensku námsfólki á hinum Norðurlöndum fjölgaði mikið á árunum 1968–1983, og þar sem það kom fram í kjósendatölnunni en ekki mannfjöldatölnunni hækkaði kjósendahlutfallið umfram það sem annars hefði orðið.

Með breytingum þeim á kosningalögum sem komu til framkvæmda árin 1987 og 1991 og fyrr var getið eiga allir þeir sem flust hafa af landi brott kosningarrétt tiltekinn árafjöldi að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum. Þar með er fallin niður hin sérstaka aðferð þjóðskrár til þess að koma námsmönnum annars staðar á Norðurlöndum á kjörskrárstofn fyrir alþingis- og forsetakosningar.

Samkvæmt eldri kosningalögum skyldu menn vera á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrár skyldu lagðar fram. Við forsetakjör 25. júní 1988 áttu menn því kosningarrétt þar sem lögheimili þeirra var 1. desember 1987. Árið 1991 breyttust kosningalög þannig að þá skyldi taka menn á kjörskrá í því

sveitarfélagi þar sem þeir voru skráðir með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag.²²

Árið 1995 var viðmiðunartíma kjörskrár breytt úr sjö vikum í þrjár vikur fyrir kjördag.²³ Samkvæmt því skal taka menn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir eru skráðir með lögheimili þremur vikum fyrir kjördag. Kjörskrá fyrir alþingiskosningar var því miðuð við skráð lögheimili 17. apríl 1999 samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

Hagstofa Íslands lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá²⁴ sem þær gera síðan svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Hana skal leggja fram eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag.²⁵ Sveitarstjórn ber að leiðrétta kjörskrá fram á kjördag berist henni vitneskja um andlát eða að einhver hafi öðlast íslenskt ríkisfang eða misst það, svo og vegna athugasemda sem við hana eru gerðar ef við á. Hins vegar er óheimilt er að breyta kjörskrá vegna flutninga sem hafa ekki verið tilkynntir þjóðskrá fyrir viðmiðunardag kjörskrár þremur vikum fyrir kjördag.²⁶ Með þessum ákvæðum féll niður hin sérstaka kærumeðferð hjá sveitarstjórn eða fyrir dómi sem var í gildi samkvæmt eldri lagafyrirmælum.

Fjöldi einstaklinga á kjörskrárstofni hefur ævinlega verið hærri en á endanlegri kjörskrá, en frá árinu 1991 hefur munað sáralitlu. Stafar það fyrst og fremst af því að ekki eru lengur teknir á kjörskrárstofn aðrir en þeir sem náð hafa kosningaaldri á kjördegi. Aðrar ástæður eru styttri framlagningarfræstur en áður og afnám kjörskrárkæra. Flestar breytingar frá kjörskrárstofni til endanlegrar kjörskrár verða nú vegna dauðsfalla en ríkisfangsbreytingar geta einnig skipt máli.

Í 4. yfirliti er sýndur fjöldi einstaklinga á kjörskrá og kjörskrárstofni eftir kjördæmum við alþingiskosningar 1999. Lögheimili erlendis áttu 7.984 manns eða 4,0% af öllum einstaklingum á kjörskrá. Kjósendur á kjörskrá með lögheimili erlendis voru tiltölulega flestir í Reykjavík, 4,9% af öllum á kjörskrá þar, en fæstir í Norðurlandskjördæmi vestra, 1,9% af kjósendum á kjörskrá.

Kjósendur sem á sínum tíma hefðu ekki getað tekið þátt í alþingiskosnum 1995 (ekki orðnir 18 ára á kjördag) voru 17.668 eða 8,8% þeirra sem voru á kjörskrá nú.

Tafla 1 á bls. 34–38 sýnir fjölda kjósenda á kjörskrá eftir kyni í hverju kjördæmi, í hverju sveitarfélagi og á hverjum kjörstað þegar þeir eru fleiri en einn. Í 5. yfirliti er sýnd tala kjósenda á hvern þingmann í hverju kjördæmi í alþingiskosningum 1983–1999.

Í töflu 2 á bls. 39–41 sést einnig fjöldi kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi og sveitarfélagi sem lögheimili áttu hér á landi og erlendis. Á skýrslum þeim til Hagstofunnar sem undirkjörstjórnir gera um kosninguna, ber að tilgreina tölu kjósenda sem lögheimili eiga erlendis. Nokkur misbrestur hefur orðið á því að þessu væri sinnt sem skyldi. Hér eru birtar tölur þessara kjósenda samkvæmt kjörskrárstofnum Hagstofunnar, enda mun fátítt að sveitarstjórnir geri breytingar á kjörskrá varðandi þá.

¹⁷ 1. og 4. gr. laga nr. 10/1991.

¹⁸ 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1990.

¹⁹ 1. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960.

²⁰ Auglýsing nr. 2/1969 í C-deild Stjórnartíðinda.

²¹ Auglýsing nr. 13/1990 í C-deild Stjórnartíðinda.

²² 4. gr. laga nr. 10/1991.

²³ 6. gr. laga nr. 9/1995.

²⁴ 14. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1991.

²⁵ 1. mgr. 19. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 8. gr. laga nr. 9/1995.

²⁶ 1. mgr. 21. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 10. gr. laga nr. 9/1995.

3. Kosningabátttaka

Participation in the elections

Við kosningarnar 8. maí 1999 greiddu atkvæði alls 169.424 kjósendur eða 84,1% af öllum kjósendum á kjörskrá. Er þetta minnsta þátttaka í alþingiskosningum síðan 1942. Mest varð hún 92,1% árið 1956. Við þjóðaratkvæðagreiðsluna 20.–23. maí 1944 um niðurfellingu sambandslagasamningsins við Dani frá 1918 og stofnun Lýðveldis var þátttakan 98,4%.

Í 2. yfirliti er sýnd kosningabátttaka síðan 1874, fyrir kjósendur í heild svo og karla og konur sérstaklega. Við kosningarnar 1999 greiddu atkvæði 83,8% karla sem voru á kjörskrá, en 84,4% kvenna. Þátttaka karla var meiri en kvenna í öllum alþingiskosningum til ársins 1991 en árið 1995 varð þátttaka kvenna meiri en karla í fyrsta skipti. Við forsetakjör 1980, 1988 og 1996 var þátttaka kvenna einnig meiri en karla. Kosningabátttaka kvenna í alþingiskosningunum 1999 var meiri en þátttaka karla í fimm kjördæmum en minni í Vesturlandskjördæmi og Norðurlandskjördæmunum tveimur.

Í 6. yfirliti sést hve kosningabátttaka var mikil í einstökum kjördæmum. Mest var kosningabátttaka í Vesturlandskjördæmi, 88,7%, og þar var jafnframt mest þátttaka karla, 90,1% en kvenna í Suðurlandskjördæmi, 89,2%. Í Reykjavíkurborg var þátttakan minnst, 82,1%. Þátttaka karla og kvenna var einnig minnst þar, 81,3% og 82,8%. Hér verður þó að hafa í huga að þar eru langflestir á kjörskrá sem eiga lögheimili erlendis en nýta sér ekki kosningarrétt sinn.

Í töflu 1 er sýnt hve margir kjósendur greiddu atkvæði og hlutfallsleg þátttaka þeirra í hverju sveitarfélagi. Hver kjósendi er talinn í því sveitarfélagi þar sem hann stóð á kjörskrá en ekki þar sem hann greiddi atkvæði ef hann nýtti sér heimild til þess að greiða atkvæði í öðru sveitarfélagi í kjördæminu. Í 7. yfirliti sést hvernig sveitarfélögin innan hvers kjördæmis og á landinu í heild skiptust eftir kosningabátttöku. Við alþingiskosningarnar 1999 liggja fyrir tölur um kjørsókn í 64 sveitarfélögum eftir því hvort kjósendi átti lögheimili hér á landi eða erlendis. Í þessum sveitarfélögum voru kjósendur á kjörskrá 174.722, 167.470 með lögheimili á Íslandi og 7.252 erlendis. Af þeim kusu 146.098 alls, þar af 144.655 með lögheimili innan lands og 1.443 utan lands. Kosningabátttaka í þessum sveitarfélögum varð 83,6% í heild, 86,4% meðal þeirra sem áttu lögheimili hérlandis og 19,9% meðal þeirra sem áttu lögheimili erlendis.

4. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi

Voting at polling stations

Heimild til þess að hafa fleiri en eina kjördeild í sveitarfélagi²⁷ hefur verið notuð á ýmsum stöðum eins og sjá má í töflu 1. Í Reykjavík voru 98 kjördeildir, þar af 97 í Reykjavíkurborg kjördæmi og 1 í Reykjaneskjördæmi, 17 í Kópavogi, 12 í Hafnarfirði og 9 á Akureyri. Alls voru kjördeildir á landinu 325. Í 8. yfirliti sést tala kjördeilda í almennum kosningum frá því að hennar er fyrst getið í skýrslu um alþingiskosningarnar 1931.

Kjörstjórn má leyfa manni að greiða atkvæði þótt nafn hans

²⁷ 1. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1987.

standi ekki á kjörskrá í kjördeildinni ef hann sannar með vottorði að hann sé á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis, hafi afsalað sér kosningarrétti þar og vottorðið sé gefið út af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar.²⁸ Mikilvægi þessa ákvæðis, sem hefur gilt frá því 1916,²⁹ hefur farið síminnkandi frá þjóðaratkvæðagreiðslunni 1918, er 2,9% kjósenda neyttu þessa réttar. Þá og allt til sumarkosninga árið 1959 voru þessi atkvæði að hluta aðsend atkvæði sem fyrrséð var að kæmust ekki í heimakjördeild kjósenda áður en kjörfundi lyki. Við alþingiskosningar 1999 greiddu aðeins 5 kjósendur atkvæði á kjördegi í öðru sveitarfélagi en þar sem þeir stóðu á kjörskrá. Heimild 82. gr. kosningalaga nær einnig til atkvæðagreiðslu í annari kjördeild innan sama sveitarfélags. Við kosningarnar 1999 notfærðu 83 kjósendur sér þessa heimild. Í Reykjavík hefur hún einkum verið notuð af kjósendum sem nýttu sér gott aðgengi fyrir fatlaða í húsi Sjálfsbjargar, en þar var kjördeild í öllum kosningum á árunum 1978–1998. Við alþingiskosningarnar 1999 var ekki talin þörf fyrir kjördeild þar því að aðgengi væri gott á öllum kjörstöðum í kjördæminu.

Í 9. yfirliti er sýnd tala þeirra karla og kvenna sem kusu í hverju kjördæmi samkvæmt útgefnu vottorði, og í 6. yfirliti sést hlutfallstala þessara atkvæða af heildartölunni.

5. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Absentee voting

Kjósendi sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.³⁰

Skilyrði þess að mega greiða atkvæði utan kjörfundar hafa verið rýmkuð á síðari árum. Við kosningarnar árið 1916, er slík atkvæðagreiðsla fór fyrst fram samkvæmt lögum frá árinu 1914, og lengi síðan var heimildin bundin við sjómenn og aðra, sem staddir yrðu utan þess hrepps eða kaupstaðar þar sem þeir stóðu á kjörskrá þá er kosning færri fram, og neyttu ekki hins almenna réttar til þess að greiða atkvæði á öðrum kjörstað í sama kjördæmi (sbr. 4. kafla hér á undan).³¹

Árið 1974 var heimildin látin ná til þeirra sem samkvæmt læknisvottorði var ráðgert að dveljast myndu á sjúkrahúsi á kjördegi svo og barnshafandi kvenna sem ætla mátti að ekki gætu sótt kjörfund á kjördegi.³²

Frá árinu 1983 máttu þeir einnig greiða atkvæði utan kjörfundar sem gátu ekki sótt kjörfund á kjördegi af trúarástæðum.³³

Með nýjum kosningalögum árið 1987 er kjósenda, sem greiðir atkvæði utan kjörfundar, ekki lengur gert að tilgreina ástæðu þess að hann muni ekki geta sótt kjörfund á kjördegi.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram hjá

²⁸ 1. mgr. 82. gr. laga nr. 80/1987.

²⁹ 32. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 28/1915.

³⁰ 62. gr. laga nr. 80/1987.

³¹ 1. gr. laga nr. 47/1914. Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar giltu sérstök lög sem voru ekki hluti laga um kosningar til Alþingis. Með nýjum kosningalögum árið 1934 voru ákvæði um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar felld inn í lög um alþingiskosningar.

³² 2. gr. laga nr. 15/1974.

³³ 2. gr. laga nr. 4/1983.

6. yfirlit. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 8. maí 1999

Summary 6. Participation in general elections 8 May 1999

	Greidd atkvæði af hundruði kjósenda á kjörskrá <i>Participation as per cent of voters on electoral roll</i>			Af hundruð greiddum atkvæðum <i>Per cent of votes cast</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Greidd utan kjörfundar <i>Absentee votes</i>	Skv. 82. gr. kosningalaga ¹ <i>Acc. to Art. 82'</i>	Auðir seðlar og ógildir <i>Blank and void ballots</i>
Allt landið Iceland	84,1	83,8	84,4	9,5	0,1	2,2
Reykjavíkurborg	82,1	81,3	82,8	8,8	0,0	2,4
Reykjaneskjördæmi	83,9	83,6	84,2	7,2	0,1	2,2
Vesturlandskjördæmi	88,7	90,1	87,2	10,6	0,0	2,0
Vestfirðakjördæmi	86,9	86,5	87,5	14,8	–	2,1
Norðurlandskjördæmi vestra	88,9	89,0	88,7	15,5	0,5	1,9
Norðurlandskjördæmi eystra	84,5	84,9	84,2	11,5	–	1,7
Austurlandskjördæmi	85,4	84,9	86,1	14,7	0,1	2,4
Suðurlandskjördæmi	88,6	88,1	89,2	9,6	–	1,9

¹ Atkvæði greitt á kjördegi í annarri kjördeild en þar sem kjósendi er á kjörskrá. *Votes cast at a polling station other than that of registration.*

sýslumönnum og hreppstjórum og um borð í íslensku skipi, enda hafi skipstjóri fengið afhent kjörgögn og kjósendinn lögskráður á skipið. Erlendis má greiða atkvæði utan kjörfundar í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiráðismanns, svo og í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt auglýsingu utanríkisráðuneytisins.³⁴

Frekari rýmkun var gerð á kosningalögum árið 1974 vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Eftir þá breytingu geta allir kjöræðismenn verið kjörstjórar og farið með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir því sem utanríkisráðuneytið ákveður. Áður var þetta bundið við að þeir væru af íslensku bergi brotnir og skildu íslensku. Þá var og í þessum lögum það nýmæli að kjörstjóra innanlands var heimilað að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram á sjúkrahúsi

eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósendi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.³⁵ Frá 1991 fer með sama hætti um stofnanir fyrir fatlaða og fangelsi.³⁶

Við þjóðaratkvæðagreiðslur um setningu sambandslaga árið 1918 og um niðurfellingu þeirra og samþykkt stjórnarskrárinnar 1944 var leyft að kjósendi greiddi atkvæði heima hjá sér væri hann ekki heimanfar til kjörstaðar sökum elli eða vanheilsu.³⁷ Sama heimild hafði verið í lögum fyrir alþingiskosningarnar árið 1923 en hún var síðan afnumin árið 1924 því að hætt þótti við misnotkun.³⁸ Árið 1991 var enn á ný sett ákvæði í kosningalög þess efnis að kjörstjóri innanlands geti heimilað kjósenda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, að greiða atkvæði í heimahúsi. Slík ósk skal vera skrifleg,

7. yfirlit. Sveitarfélög¹ eftir þátttöku í alþingiskosningum 8. maí 1999

Summary 7. Municipalities¹ by participation in general elections 8 May 1999

	Alls <i>Total</i>	76,3–79,9%	80,0–84,9%	85,0–89,9%	90,0–94,9%	95,0–100,0%
Allt landið Iceland	125	5	31	55	28	6
Reykjavíkurborg	1	–	1	–	–	–
Reykjaneskjördæmi	13	–	8	5	–	–
Vesturlandskjördæmi	17	–	1	7	7	2
Vestfirðakjördæmi	12	–	2	8	2	–
Norðurlandskjördæmi vestra	14	2	2	3	6	1
Norðurlandskjördæmi eystra	26	1	8	14	2	1
Austurlandskjördæmi	16	–	6	7	2	1
Suðurlandskjördæmi	26	2	3	11	9	1

¹ Sá hluti Reykjavíkurborgar sem er í Reykjaneskjördæmi, Kjalarnes, telst sem sérstakt sveitarfélag þar. *The part of Reykjavik City which is included in Reykjaneskjördæmi, Kjalarnes, is counted as a separate municipality in the latter.*

³⁴ 1. og 4. mgr. 63. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 22. gr. laga nr. 10/1991.

³⁵ 1. og 2. gr. laga nr. 15/1974.

³⁶ 2. mgr. 63. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 22. gr. laga nr. 10/1991.

³⁷ Auglýsing nr. 130/1918 og 8. gr. laga nr. 17/1944.

³⁸ 2. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1924.

studd læknavottorði og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar ein vika er til kjördags.³⁹

Samkvæmt kosningalögum á að hefja utankjörfundaratkvæðagreiðslu svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið ákveðinn, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag.⁴⁰ Atkvæðagreiðsla á stofnun eða heimili má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag.⁴¹

Eftir fyrstu lögum um utankjörfundaratkvæðagreiðslu frá 1914 mátti ekki greiða atkvæði utan kjörfundar fyrr en framboðsfrestur væri liðinn. Tímabil það sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla má standa hefur verið lengt tvisvar. Samkvæmt kosningalögum frá árinu 1942 mátti atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefjast fjórum vikum fyrir kjördag.⁴² Þetta tímabil var síðan lengt í 8 vikum með breytingu á kosningalögum árið 1987.⁴³

Eftir eldri lögum um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar þurftu atkvæði greidd þannig að fara í kjördeild þar sem hlutaðeigandi var á kjörskrá. Í upphafi voru utankjörfundaratkvæði, sem komin voru í rétta kjördeild áður en kjörfundur var settur, látin þá strax í atkvæðakassann og var því ekki unnt að ónýta atkvæðið með því að koma og greiða atkvæði

á kjörfundi.⁴⁴ Á því gafst fyrst kostur með kosningalögum árið 1934 því þá féll niður að utankjörfundaratkvæðin skyldu fara í atkvæðakassann í upphafi kjörfundar.⁴⁵ Samkvæmt kosningalögum árið 1959 varð nægjanlegt að bréfi með utankjörfundaratkvæði sé komið í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá áður en kjörfundi lýkur. Skulu kjörstjórnir senda slík bréf aðskilin til yfirkjörfjórnar.⁴⁶ Við alþingiskosningar 1999 bárust 1.014 atkvæði á þennan hátt.

Í töflu 1 er sýnt hve mörg atkvæði voru greidd utan kjörfundar í hverju kjördæmi við alþingiskosningar 1999 og hvernig þau skiptust á sveitarfélög og kjörstaði.

Við alþingiskosningar 1999 greiddu 16.016 kjósendur atkvæði utan kjörfundar eða 9,5% af þeim sem atkvæði greiddu. Í 8. yfirliti kemur fram hlutfall utankjörfundaratkvæða við kosningar frá og með árinu 1916.

Við alþingiskosningar 1999 voru 7.037 af utankjörfundaratkvæðum frá konum eða 44,0%. Í 9. yfirliti sést hve margir af hverju hundraði karla og kvenna, sem greitt hafa atkvæði, hafa kosið utan kjörfundar. Af atkvæðum karla voru 10,7% greidd utan kjörfundar og 8,3% af atkvæðum kvenna. Hátt hlutfall kvenna 1918, 1923 og 1944 stafar eingöngu af

8. yfirlit. Atkvæði greidd utan kjörfundar 1916–1999 og tala kjördeilda 1931–1999

Summary 8. Absentee votes 1916–1999 and number of polling stations 1931–1999

	Utankjörfundaratkvæði af hundraði greiddra atkvæða <i>Absentee votes as per cent of votes cast</i>			Kjördeildir <i>Polling stations</i>		Utankjörfundaratkvæði af hundraði greiddra atkvæða <i>Absentee votes as per cent of votes cast</i>			Kjördeildir <i>Polling stations</i>
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>			Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
1916	1,9	2,2	1,0	...	1959, október	7,4	9,4	5,4	384
1918 þjóðaratkvgr.					1963	8,3	10,2	6,4	371
<i>Referendum</i>	12,0	6,2	30,0	...	1967	8,7	10,3	7,0	346
1919	2,2	3,0	1,8	...	1968 forsetakjör				
1923	13,0	8,7	17,6	...	<i>Presidential election</i>	11,1	12,6	9,6	333
1927	6,4	8,7	3,7	...	1971	9,7	11,6	7,6	330
1931	7,5	9,4	5,5	275	1974	13,4	14,8	12,0	328
1933	9,3	10,0	7,4	266	1978	13,2	14,7	11,7	336
1934	7,9	7,7	5,2	332	1979	9,6	11,4	7,9	336
1937	12,2	15,3	6,4	343	1980 forsetakjör				
1942, júlí	11,4	13,2	9,4	359	<i>Presidential election</i>	13,8	15,0	12,5	334
1942, október	6,5	8,1	4,8	400	1983	8,3	9,9	6,6	345
1944 þjóðaratkvgr.					1987	10,0	11,5	8,5	353
<i>Referendum</i>	18,8	17,7	19,7	383	1988 forsetakjör				
1946	12,7	15,1	10,3	394	<i>Presidential election</i>	13,4	13,2	13,8	331
1949	7,9	10,0	5,8	393	1991	8,8	10,2	7,4	346
1952 forsetakjör					1995	8,6	9,9	7,3	341
<i>Presidential election</i>	9,2	11,0	7,2	396	1996 forsetakjör				
1953	9,1	10,3	7,8	398	<i>Presidential election</i>	17,5	18,1	16,8	332
1956	9,6	10,8	8,3	394	1999	9,5	10,7	8,3	325
1959, júní	10,9	13,4	8,3	387					

³⁹ 22. gr. laga nr. 10/1991.

⁴⁰ 64. gr. laga nr. 80/1987.

⁴¹ 5. mgr. 63. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 22. gr. laga nr. 10/1991.

⁴² 1. mgr. 66. gr. laga nr. 80/1942.

⁴³ 1. mgr. 64. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 21. gr. laga nr. 2/1987.

⁴⁴ 3. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1914, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1923 og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1928.

⁴⁵ 74. gr. laga nr. 18/1934 og síðar 74. gr. laga nr. 80/1942.

⁴⁶ 5. mgr. 71. gr. laga nr. 52/1959 og nú 5. mgr. 71. gr. laga nr. 80/1987.

9. yfirlit. Atkvæði greidd utan kjörfundar og samkvæmt vottorði við alþingiskosningar 8. maí 1999Summary 9. *Absentee votes and votes cast at a polling station other than that of registration in general elections 8 May 1999*

	Atkvæði greidd utan kjörfundar <i>Absentee votes</i>						Vottorðsatkvæði <i>Votes cast at a polling station other than that of registration</i>					
	Alls <i>Total</i>			Send beint til yfirkjörstjórnar <i>Sent directly to constituency election board</i>			Í öðru sveitarfélagi <i>Outside home municipality</i>			Í sama sveitarfélagi <i>In home municipality</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Allt landið <i>Iceland</i>	16.016	8.979	7.037	1.014	592	422	5	3	2	83	28	55
Reykjavíkurborgkjördæmi	5.967	3.157	2.810	–	–	–	•	•	•	22	9	13
Reykjaneskjördæmi	3.303	1.833	1.470	17	10	7	–	–	–	32	9	23
Vesturlandskjördæmi	917	497	420	88	49	39	–	–	–	1	–	1
Vestfirðakjördæmi	733	451	282	106	70	36	–	–	–	–	–	–
Norðurlandskjördæmi vestra	941	556	385	208	116	92	4	2	2	24	8	16
Norðurlandskjördæmi eystra	1.843	1.109	734	274	164	110	–	–	–	–	–	–
Austurlandskjördæmi	1.085	639	446	215	124	91	1	1	–	4	2	2
Suðurlandskjördæmi	1.227	737	490	106	59	47	–	–	–	–	–	–

10. yfirlit. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar innanlands fyrir alþingiskosningar og forsetakjör 1991–1999¹Summary 10. *Absentee votes cast in Iceland in elections 1991–1999¹*

Kjördæmi þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fór fram <i>Constituency where absentee voting took place</i>	Alls <i>Total</i>			Hjá kjörstjóra <i>At regular office</i>	Sjúkrahús <i>Hospital</i>	Dvalarheimili aldraðra <i>Old age home</i>	Stofnun fyrir fatlaða <i>Institution for the disabled</i>	Fangelsi <i>Prison</i>	Heimahús <i>Private home</i>
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>						

**Alþingiskosningar 8. maí 1999
General elections 8 May 1999**

Allt landið <i>Iceland</i>	14.491	8.229	6.262	13.054	648	675	5	77	32
Reykjavíkurborgkjördæmi ²	7.117	3.850	3.267	6.354	356	379	–	7	21
Reykjaneskjördæmi ²	2.279	1.259	1.020	2.158	45	69	–	6	1
Vesturlandskjördæmi	566	351	215	501	36	15	–	12	2
Vestfirðakjördæmi	507	328	179	483	16	8	–	–	–
Norðurlandskjördæmi vestra	611	383	228	565	44	–	–	–	2
Norðurlandskjördæmi eystra	1.635	941	694	1.501	40	83	5	4	2
Austurlandskjördæmi	696	444	252	630	41	25	–	–	–
Suðurlandskjördæmi	1.080	673	407	862	70	96	–	48	4
1991	12.555	7.446	5.109	11.196	608	534	33	82	102
1995	14.145	8.308	5.837	12.634	537	678	92	93	111
1996 forsetakjör <i>Presidential election</i>	27.698	14.220	13.478	26.271	476	663	117	123	48

¹ Yfirlit þetta er byggt á skýrslum kjörstjóra utan kjörfundar um atkvæði sem voru greidd hjá embættum þeirra. Í tölunum eru því inni falin atkvæði sem komast ekki til skila fyrir lok kjörfundar í því kjördæmi sem kjósandi er á kjörskrá eða nýttast ekki af öðrum ástæðum. Hins vegar koma hér ekki utankjörfundaratkvæði sem greidd hafa verið erlendis eða um borð í íslenskum skipum. *This Summary is based on reports from absentee voting authorities on voting administered by their offices. The figures therefore include votes that did not reach a polling station in the constituency concerned before closing time, as well as absentee votes that did not count in the elections for other reasons. However, the Summary does not contain the number of absentee votes cast abroad or aboard Icelandic vessels.*

² Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur, sem eru í Reykjaneskjördæmi, tilheyra umdæmi sýslumannsins í Reykjavík. Í umdæminu var unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofu sýslumanns í Reykjavík og hjá hreppstjórum í Kjalarnes- og Kjósarhreppum. Öll utankjörfundaratkvæði greidd í umdæminu eru hér talin til Reykjavíkurborgkjördæmis en til Reykjaneskjördæmis atkvæði greidd í umdæmum sýslumannanna í Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík og á Keflavíkurlflugvelli. *Absentee voting for a part of Reykjanes Constituency was conducted in Reykjavík.*

heimakosningum því að konur notuðu sér þær miklu meira en karlar.

Í 6. yfirliti er samanburður á því hve mörg utankjörfundaratkvæði komu á hvert 100 greiddra atkvæða í hverju kjördæmi. Sést þar að tiltölulega flest utankjörfundaratkvæði voru í Norðurlandskjördæmi vestra 15,5%, en fæst í Reykjaneskjördæmi 7,2%.

Í 9. yfirliti sést hve margir karlar og konur greiddu atkvæði utan kjörfundar í hverju kjördæmi við alþingiskosningar 1999 og hve mörg þeirra bárust beint til yfirkjörstjórnar.

Í 10. yfirliti er sýnt hvernig utankjörfundaratkvæði greidd hjá kjörstjórum innanlands skiptust eftir því hvar þau voru greidd. Athuga ber að hér er ekki um að ræða sama heildarfjölda og kemur fram við talningu atkvæða. Í 10. yfirliti eru ekki talin atkvæði greidd erlendis og í skipum. Þar eru hins vegar talin atkvæði sem ónýttast vegna þess að þeim er ekki skilað í tæka tíð fyrir lok kjörfundar eða verða ógild við það að kjósendi greiðir atkvæði á kjörstað eða greiðir annað utankjörfundaratkvæði. Af heildartölunni greiddu 90,1% atkvæði á skrifstofu eða heimili kjörstjóra og 9,9% annars staðar.

6. Framboðslistar og frambjóðendur

Candidate lists and candidates

Frambjóðendur við kosningar 1999 eru taldir með stöðu og heimilisfangi í töflu 3.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá maður sem hefur kosningarrétt og óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.⁴⁷

Á framboðslista í kjördæmi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.⁴⁸

Framboðslista á að fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætutölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.⁴⁹

Við alþingiskosningarnar í maí 1999 buðu sex stjórnálagssamtök fram í öllum kjördæmum: Framsóknarflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Húmanistaflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Kristilegi

11. yfirlit. Frambjóðendur við alþingiskosningar 8. maí 1999

Summary 11. *Candidates for general elections 8 May 1999*

	Allir frambjóðendur <i>All candidates</i>					Frambjóðendur í 1. – 3. sæti <i>Candidates in 1st through 3rd place on lists</i>				
	Fjöldi <i>Number</i>			%		Fjöldi <i>Number</i>			%	
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Frambjóðendur alls <i>Candidates, total</i>	776	464	312	60	40	153	100	53	65	35
<i>Kjördæmi Constituencies:</i>										
Reykjavíkurborg	280	160	120	57	43	24	16	8	67	33
Reykjaneskjördæmi	144	79	65	55	45	21	13	8	62	38
Vesturlandskjördæmi	55	35	20	64	36	18	13	5	72	28
Vestfirðakjördæmi	55	32	23	58	42	18	12	6	67	33
Norðurlandskjördæmi vestra	55	39	16	71	29	18	14	4	78	22
Norðurlandskjördæmi eystra	66	39	27	59	41	18	9	9	50	50
Austurlandskjördæmi	55	37	18	67	33	18	13	5	72	28
Suðurlandskjördæmi	66	43	23	65	35	18	10	8	56	44
<i>Stjórnálagssamtök</i>										
<i>Political organizations:</i>										
B Framsóknarflokkur	126	69	57	55	45	24	16	8	67	33
D Sjálfstæðisflokkur	124	72	52	58	42	24	17	7	71	29
F Frjálslyndi flokkurinn	126	98	28	78	22	24	18	6	75	25
H Húmanistaflokkur	80	47	33	59	41	24	15	9	63	38
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	31	22	9	71	29	6	5	1	83	17
S Samfylkingin	126	63	63	50	50	24	12	12	50	50
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	126	71	55	56	44	24	15	9	63	38
Z Anarkistar á Íslandi	37	22	15	59	41	3	2	1	67	33

⁴⁷ 2. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 9/1995.

⁴⁸ 30. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 10/1991.

⁴⁹ 1. mgr. 27. gr. laga nr. 80/1987, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1991.

12. yfirlit. Frambjóðendur stjórn málasamtaka í hverju kjördæmi eftir kyni við alþingiskosningar 8. maí 1999

Summary 12. Candidates by political organization, constituency and sex in general elections 8 May 1999

	Allt landið <i>Iceland</i>	Reykjavík- kjördæmi	Reykjanes- kjördæmi	Vestur- lands- kjördæmi	Vestfjarða- kjördæmi	Norður- lands- kjördæmi vestra	Norður- lands- kjördæmi eystra	Austur- lands- kjördæmi	Suður- lands- kjördæmi
Frambjóðendur alls									
<i>Candidates, total</i>	776	280	144	55	55	55	66	55	66
B Framsóknarflokkur	126	38	24	10	10	10	12	10	12
D Sjálfstæðisflokkur	124	36	24	10	10	10	12	10	12
F Frjálslyndi flokkurinn	126	38	24	10	10	10	12	10	12
H Húmanistaflokkur	80	36	12	5	5	5	6	5	6
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	31	19	12	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	126	38	24	10	10	10	12	10	12
U Vinstrireyfingin – grænt framboð	126	38	24	10	10	10	12	10	12
Z Anarkistar á Íslandi	37	37	–	–	–	–	–	–	–
Karlar <i>Males</i>	464	160	79	35	32	39	39	37	43
B Framsóknarflokkur	69	19	12	6	5	6	7	7	7
D Sjálfstæðisflokkur	72	22	11	6	5	6	7	7	8
F Frjálslyndi flokkurinn	98	28	17	9	7	10	10	7	10
H Húmanistaflokkur	47	16	7	3	5	5	3	4	4
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	22	13	9	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	63	20	11	5	4	6	6	6	5
U Vinstrireyfingin – grænt framboð	71	20	12	6	6	6	6	6	9
Z Anarkistar á Íslandi	22	22	–	–	–	–	–	–	–
Konur <i>Females</i>	312	120	65	20	23	16	27	18	23
B Framsóknarflokkur	57	19	12	4	5	4	5	3	5
D Sjálfstæðisflokkur	52	14	13	4	5	4	5	3	4
F Frjálslyndi flokkurinn	28	10	7	1	3	–	2	3	2
H Húmanistaflokkur	33	20	5	2	–	–	3	1	2
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	9	6	3	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	63	18	13	5	6	4	6	4	7
U Vinstrireyfingin – grænt framboð	55	18	12	4	4	4	6	4	3
Z Anarkistar á Íslandi	15	15	–	–	–	–	–	–	–

Lýðræðisflokkurinn bauð fram í 2 kjördæmum, Reykjavík-
kjördæmi og Reykjaneskjördæmi, og Anarkistar á Íslandi
buðu fram í Reykjavík-
kjördæmi. Urðu framboðslistar því 8 í Reykjavík-
kjördæmi, 7 í Reykjaneskjördæmi og 6 í hverju
hinna sex kjördæmanna. Í 11. yfirliti er sýnd tala
frambjóðenda við alþingiskosningarnar 1999 eftir
kyni, kjördæmum og stjórn málasamtökum, bæði
tala frambjóðenda í heild og þeirra sem voru í 1.–3. sæti.

Í 12. yfirliti er sýnd tala frambjóðenda á hverjum framboðs-
lista eftir kyni og í 13. yfirliti tala þeirra eftir því hvort þeir
áttu lögheimili í viðkomandi kjördæmi eða annars staðar.

Í 14. yfirliti er sýnd tala stjórn málasamtaka og framboðs-
lista við hverjar alþingiskosningar frá því í október 1959,

þegar hlutfallskosningar voru teknar upp í öllum kjördæmum,
svo og tala karla og kvenna á framboðslistum. Konur urðu
í fyrsta skipti rúmur helmingur frambjóðenda við kosningarnar
1995 en voru rúmlega 40% frambjóðenda 1999. Lægra
hlutfall kvenna 1999 skýrist af því að árið 1995 voru bornir
fram 8 listar Samtaka um kvennalista en enginn 1999. Á
öðrum framboðslistum en listum Samtaka um kvennalista
voru konur 42% frambjóðenda árið 1995.

Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Samtök um kvennalista
og Þjóðvaki, sem fengu þingmenn kjörna 1995, buðu ekki
fram í kosningunum 1999 en margir þingmenn þeirra og
frambjóðendur 1995 stóðu saman að framboði Samfylkingar-
innar.

13. yfirlit. Frambjóðendur stjórn málasamtaka í hverju kjördæmi eftir lögheimili við alþingiskosningar 8. maí 1999

Summary 13. Candidates by political organization, constituency and domicile in general elections 8 May 1999

	Allt landið <i>Iceland</i>	Reykjavík- kjördæmi	Reykjanes- kjördæmi	Vesturlands- kjördæmi	Vestfjarða- kjördæmi	Norðurlands- kjördæmi vestra	Norðurlands- kjördæmi eystra	Austurlands- kjördæmi	Suðurlands- kjördæmi
Frambjóðendur alls									
<i>Candidates, total</i>	776	280	144	55	55	55	66	55	66
B Framsóknarflokkur	126	38	24	10	10	10	12	10	12
D Sjálfstæðisflokkur	124	36	24	10	10	10	12	10	12
F Frjálslyndi flokkurinn	126	38	24	10	10	10	12	10	12
H Húmanistaflokkur	80	36	12	5	5	5	6	5	6
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	31	19	12	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	126	38	24	10	10	10	12	10	12
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	126	38	24	10	10	10	12	10	12
Z Anarkistar á Íslandi	37	37	–	–	–	–	–	–	–
Lögheimili í kjördæminu									
<i>Domicile within constituency</i>	702	258	126	48	44	52	62	50	62
B Framsóknarflokkur	122	38	24	10	7	10	12	9	12
D Sjálfstæðisflokkur	122	36	24	10	10	9	12	10	11
F Frjálslyndi flokkurinn	114	35	20	7	9	10	11	10	12
H Húmanistaflokkur	53	32	7	2	–	3	3	1	5
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	21	16	5	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	119	36	22	9	8	10	12	10	12
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	123	37	24	10	10	10	12	10	10
Z Anarkistar á Íslandi	28	28	–	–	–	–	–	–	–
Lögheimili utan kjördæmisins									
<i>Domicile outside constituency</i>	74	22	18	7	11	3	4	5	4
B Framsóknarflokkur	4	–	–	–	3	–	–	1	–
D Sjálfstæðisflokkur	2	–	–	–	–	1	–	–	1
F Frjálslyndi flokkurinn	12	3	4	3	1	–	1	–	–
H Húmanistaflokkur	27	4	5	3	5	2	3	4	1
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	10	3	7	–	–	–	–	–	–
S Samfylkingin	7	2	2	1	2	–	–	–	–
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	3	1	–	–	–	–	–	–	2
Z Anarkistar á Íslandi	9	9	–	–	–	–	–	–	–

14. yfirlit. Framboð við alþingiskosningar 1959–1999

Summary 14. Candidate lists for general elections 1959–1999

	Stjórn mála- samtök ¹ <i>Political organizations¹</i>	Framboðslistar <i>Candidate lists</i>	Frambjóðendur <i>Candidates</i>					
			Fjöldi <i>Number</i>			%		
			Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
1959, október	5	35	438	402	36	92	8	
1963	5	33	402	371	31	92	8	
1967	5	35	450	406	44	90	10	
1971	6	42	525	447	78	85	15	
1974	10	46	556	459	97	83	17	
1978	11	47	598	449	149	75	25	
1979	9	37	474	355	119	75	25	
1983	7	45	556	361	195	65	35	
1987	10	64	958	521	437	54	46	
1991	11	67	1.029	560	469	54	46	
1995	10	56	843	418	425	50	50	
1999	8	51	776	464	312	60	40	

¹ Í samræmi við úrskurði landskjörstjórnar er I-listi utan flokka í Reykjavík 1967 talinn til Alþýðubandalags og BB-listi sérframboðs framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi vestra 1983 til Framsóknarflokks. Hins vegar er T-listi utanflokka, sérframboðs sjálfstæðra í Vestfjarðakjördæmi, talinn á vegum sérstakra stjórn málasamtaka 1983. *In accordance with decisions of the National Elections Board, List I in Reykjavík in 1967 is counted as presented for the People's Alliance, and list BB in Norðurlandskjördæmi vestra in 1983 is counted as presented for the Progressive Party. List T in Vestfjarðakjördæmi in 1983, which in its name contained a reference to the Independence Party, is counted as a separate political organization.*

15. yfirlit. Úrslit alþingiskosninga 1916–1999

Summary 15. Outcome of general elections 1916–1999

	Gild atkvæði <i>Valid votes</i>							Hlutfallsleg skipting, %		
	1916	1919	1923	1927	1931	1933	1934	1916	1919	1923
Alls	13.350,0	14.035,0	30.362,0	32.009,0	38.544,0	35.680,0	51.929,0	100,0	100,0	100,0
Heimastjórnarflokkur	5.333,5	4.120,5	40,0	29,4	.
Sjálfstæðisflokkur	1.014,0	1.563,5	7,6	11,1	.
Sjálfstæðisflokkur „langsum“	2.097,0	15,7	.	.
Sjálfstæðisflokkur „þversum“	938,5	7,0	.	.
Alþýðflokkur	903,5	949,0	4.912,5	6.097,5	6.197,5	6.864,5	11.269,5	6,8	6,8	16,2
Bændaflokkur	1.173,0	8,8	.	.
Óháðir bændur	554,0	4,1	.	.
Framsóknarflokkur	.	1.873,5	8.062,0	9.532,5	13.844,5	8.530,5	11.377,5	.	13,3	26,6
Borgaraflokkur	.	.	16.272,0	53,6
Frjálslyndi flokkurinn	.	.	.	1.858,0
Íhaldsflokkur	.	.	.	13.616,5
Sjálfstæðisflokkur	16.891,0	17.131,5	21.974,0	.	.	.
Kommúnistaflokkur	1.165,0	2.673,5	3.098,0	.	.	.
Bændaflokkur	3.348,0	.	.	.
Aðrir og utan flokka	1.336,5	5.528,5	1.115,5	904,5	446,0	480,0	862,0	10,0	39,4	3,7
Landskjörnir þingmenn ¹

	1937	1942 júlí	1942 október	1946	1949	1953	1956	1937	1942 júlí	1942 október
Alls	58.415,0	58.131,0	59.668	66.913	72.219	77.410	82.678	100,0	100,0	100,0
Alþýðflokkur	11.084,5	8.979,0	8.455	11.914	11.937	12.093	15.153	19,0	15,4	14,2
Framsóknarflokkur	14.556,5	16.033,0	15.869	15.429	17.659	16.959	12.925	24,9	27,6	26,6
Sjálfstæðisflokkur	24.132,0	22.975,0	23.001	26.428	28.546	28.738	35.027	41,3	39,5	38,5
Kommúnistaflokkur	4.932,5	8,4	.	.
Bændaflokkur	3.578,5	6,1	.	.
Sósíalistaflokkur	.	9.423,0	11.059	13.049	14.077	12.422	.	.	16,2	18,5
Þjóðvarnarflokkur	4.667	3.706	.	.	.
Alþýðubandalag	15.859	.	.	.
Aðrir og utan flokka	131,0	721,0	1.284	93	.	2.531	8	0,2	1,2	2,2

	1959 júní	1959 október	1963	1967	1971	1974	1978	1959 júní	1959 október	1963
Alls	84.788	85.095	89.352	96.090	105.395	114.108	122.207	100,0	100,0	100,0
Alþýðflokkur	10.632	12.909	12.697	15.059	11.020	10.345	26.912	12,5	15,2	14,2
Framsóknarflokkur	23.061	21.882	25.217	27.029	26.645	28.381	20.656	27,2	25,7	28,2
Sjálfstæðisflokkur	36.029	33.800	37.021	36.036	38.170	48.764	39.982	42,5	39,7	41,4
Þjóðvarnarflokkur	2.137	2.883	2,5	3,4	.
Alþýðubandalag	12.929	13.621	14.274	16.923	18.055	20.924	27.952	15,2	16,0	16,0
Samtök frjálslyndra og vinstri manna	9.395	5.245	4.073	.	.	.
Aðrir og utan flokka	.	.	143	1.043	2.110	449	2.632	.	.	0,2

	1979	1983	1987	1991	1995	1999	1979	1983	1987
Alls	123.751	129.962	152.722	157.769	165.043	165.727	100,0	100,0	100,0
Alþýðflokkur	21.580	15.214	23.265	24.459	18.846	.	17,4	11,7	15,2
Framsóknarflokkur	30.861	24.754	28.902	29.866	38.485	30.415	24,9	19,0	18,9
Sjálfstæðisflokkur	43.838	50.251	41.490	60.836	61.183	67.513	35,4	38,7	27,2
Alþýðubandalag	24.401	22.490	20.387	22.706	23.597	.	19,7	17,3	13,3
Bandalag jafnaðarmanna	.	9.489	246	7,3	0,2
Kvennalisti	.	7.125	15.470	13.069	8.031	.	.	5,5	10,1
Borgaraflokkur	.	.	16.588	10,9
Samtök um jafnrétti og félagshyggju	.	.	1.893	1,2
Þjóðvaki	11.806
Frjálslyndi flokkurinn	6.919	.	.	.
Samfylkingin	44.378	.	.	.
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	15.115	.	.	.
Aðrir og utan flokka	3.071	639	4.481	6.833	3.095	1.387	2,5	0,5	2,9

¹ Landkjörnir þingmenn komu í stað konungkjörinna samkvæmt stjórnarskránni 1915 og voru þeir kjörnir í sérstökum kosningum og kjörtímabil þeirra óháð almennum þingkosningum. Með stjórnarskrárbreytingunni 1934 var þetta fyrirkomulag afnumið. Þá voru tekin upp uppþátarþingsæti og þeir nefndir landskjörnir þingmenn sem hlutu þau meðan sú skipan hélst, 1934–1987. Uppþátarþingmenn eru þá taldir með öðrum þingmönnum flokkanna. *According to the Constitution*

Per cent of valid votes				Þingsæti Elected members								
1927	1931	1933	1934	1916	1919	1923	1927	1931	1933	1934		
100,0	100,0	100,0	100,0	40	40	42	42	42	42	49	Total	
.	.	.	.	12	9	Home Rule Party	
.	.	.	.	3	7	Independence Party	
.	.	.	.	7	Independence Party „along“	
.	.	.	.	3	Independence Party „across“	
19,0	16,1	19,2	21,7	1	–	1	4	3	4	10	Social Democratic Party	
.	.	.	.	5	Farmers' Party	
.	.	.	.	1	Independent Farmers	
29,8	35,9	23,9	21,9	.	6	13	17	21	14	15	Progressive Party	
.	21	Citizens' Party	
5,8	1	.	.	.	Liberal Party	
42,5	13	.	.	.	Conservative Party	
.	43,8	48,0	42,3	12	17	20	Independence Party	
.	3,0	7,5	6,0	–	–	–	Communist Party	
.	.	.	6,4	3	Farmers' Party	
2,8	1,2	1,3	1,7	2	12	1	1	–	1	1	Others and outside parties	
.	.	.	.	6	6	6	6	6	6	6	Separately elected members ¹	
1946	1949	1953	1956	1937	1942 júlí	1942 okt.	1946	1949	1953	1956		
100,0	100,0	100,0	100,0	49	49	52	52	52	52	52	Total	
17,8	16,5	15,6	18,3	8	6	7	9	7	6	8	Social Democratic Party	
23,1	24,5	21,9	15,6	19	20	15	13	17	16	17	Progressive Party	
39,5	39,5	37,1	42,4	17	17	20	20	19	21	19	Independence Party	
.	.	.	.	3	Communist Party	
.	.	.	.	2	Farmers' Party	
19,5	19,5	16,0	.	.	6	10	10	9	7	7	Socialist Party	
.	.	6,0	4,5	2	National Preservation Party	
.	.	.	19,2	8 People's Alliance	
0,1	.	3,3	0,0	–	–	–	–	–	–	–	Others and outside parties	
1967	1971	1974	1978	1959 júní	1959 okt.	1963	1967	1971	1974	1978		
100,0	100,0	100,0	100,0	52	60	60	60	60	60	60	Total	
15,7	10,5	9,1	22,0	6	9	8	9	6	5	14	Social Democratic Party	
28,1	25,3	24,9	16,9	19	17	19	18	17	17	12	Progressive Party	
37,5	36,2	42,7	32,7	20	24	24	23	22	25	20	Independence Party	
.	.	.	.	–	–	National Preservation Party	
17,6	17,1	18,3	22,9	7	10	9	10	10	11	14	People's Alliance	
.	8,9	4,6	3,3	5	2	–	Union of Liberals and leftists	
1,1	2,0	0,4	2,2	.	.	–	–	–	–	–	Others and outside parties	
1991	1995	1999		1979	1983	1987	1991	1995	1999			
100,0	100,0	100,0		60	60	63	63	63	63	Total		
15,5	11,4	.		10	6	10	10	7	.	Social Democratic Party		
18,9	23,3	18,4		17	14	13	13	15	12	Progressive Party		
38,6	37,1	40,7		21	23	18	26	25	26	Independence Party		
14,4	14,3	.		11	10	8	9	9	.	People's Alliance		
.	.	.		.	4	–	.	.	.	Social Democratic Alliance		
8,3	4,9	.		.	3	6	5	3	.	Women's Alliance		
.	7	.	.	.	Citizens' Party		
.	1	.	.	.	Association for Equality and Social Justice		
.	7,1	4	.	Þjóðvaki, People's Movement		
.	.	4,2		2	Liberal Party		
.	.	26,8		17	The Alliance		
.	.	9,1		6	The Left-Green Movement		
4,3	1,9	0,8		1	–	–	–	–	–	Others and outside parties		

of 1915 separately elected members (in Icelandic: Landskjörnir þingmém) replaced royally appointed members. These were elected for terms not determined by general elections to the Alþingi. With the Constitution Amendment of 1934 this system was abolished. In 1934–1987 the same Icelandic term was used for supplementary members whose seats were intended to reflect the support of political organizations in a more representative manner and allocated on the basis of national election results.

7. Úrslit kosninganna

Outcome of the elections

Í öllum kjördæmum hófst talning nokkru fyrir lok kjörfundar kl. 22 og birtust fyrstu tölur úr þeim öllum fyrir miðnætti.

Gild atkvæði á landinu öllu voru 165.727 og skiptust á landsframboðin sem hér segir. Atkvæðatölur úr kosningunum 1995 eru til samanburðar:

	1999	1995
Sjálfstæðisflokkur	67.513	61.183
Samfylkingin	44.378	.
Framsóknarflokkur	30.415	38.485
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	15.115	.
Frjálslyndi flokkurinn	6.919	.
Húmanistaflokkur	742	.
Kristilegi lýðræðisflokkurinn	441	.
Anarkistar á Íslandi	204	.
Alþýðubandalag og óháðir	.	23.597
Alþýðuflokkur – Jafnaðarmanna-flokkur Íslands	.	18.846
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	.	11.806
Samtök um kvennalista	.	8.031

Suðurlandslistinn	.	1.105
Náttúrulagaflokkur	.	957
Vestfjarðalistinn	.	717
Kristileg stjórnmálhreyfing	.	316
Alls	165.727	165.043

Í töflu 4 sést hver urðu úrslit kosninganna í hverju kjördæmi og hvernig gild atkvæði féllu á hvern framboðslista. Taflan sýnir auk þess hlutfallslega skiptingu atkvæða á framboðslista eftir kjördæmum. Í 15. yfirliti eru sýndar atkvæðatölur einstakra flokka og lista, hlutfallsleg skipting atkvæða og tala þingsæta í alþingiskosningum síðan 1916 er þingmenn voru teknir að skipa sér í flokka fyrir kosningar. Atkvæðatölur lista sem aldrei hafa fengið mann kjörinn á þing eru sýndar í einu lagi ásamt atkvæðum þeirra sem töldust utan flokka. Ævinlega verður nokkur fjöldi greiddra atkvæða ógildir í kosningum, ýmist sökum þess að kjósendi skilar auðum seðli eða ómerkir hann viljandi eða af vangá. Í 6. yfirliti er sýnt hlutfall auðra og ógildra seðla af greiddum atkvæðum í hverju kjördæmi og í 16. yfirliti sést tala þeirra og hlutfall af greiddum atkvæðum síðan alþingiskosningar urðu skriflegar árið 1908.

16. yfirlit. Auðir seðlar og ógildir í kosningum 1908–1999

Summary 16. Blank and void ballots in elections 1908–1999

Alþingis-kosningar nema annars sé getið	Alls Total		Auðir seðlar Blank ballots	Ógildir seðlar Void ballots	Elections to the Althingi unless otherwise specified	Alls Total		Auðir seðlar Blank ballots	Ógildir seðlar Void ballots
	Fjöldi Number	% ¹				Fjöldi Number	% ¹⁾		
1908	333	3,0	5	328	1952 forsetakjör				
1911	438	4,3	2	436	Presidential election	2.223	3,2	1.940	283
1914	135	1,8	7	128	1953	1.344	1,7	1.037	307
1916	680	4,8	40	640	1956	1.677	2,0	1.024	653
1916 þjóðaratkvæða-greiðsla Referendum	1.776	12,6	1.080	696	1959, júní	1.359	1,6	1.038	321
1918 þjóðaratkvæða-greiðsla Referendum	243	1,8	30	213	1959, október	1.331	1,5	1.097	234
1919	429	3,0	31	398	1963	1.606	1,8	1.318	288
1923	784	2,5	57	727	1967	1.765	1,8	1.469	296
1927	919	2,8	84	835	1968 forsetakjör				
1931	1.064	2,7	189	875	Presidential election	918	0,9	676	242
1933	1.091	3,0	266	825	1971	1.580	1,5	1.303	277
1934	516	1,0	237	279	1974	1.467	1,3	1.080	387
1937	681	1,2	315	366	1978	2.170	1,7	1.843	327
1942, júlí	809	1,4	483	326	1979	3.178	2,5	2.877	301
1942, október	908	1,5	544	364	1980 forsetakjör				
1944 sambandsslit ²					Presidential election	546	0,4	355	191
Abrogation of Danish-Icelandic Union Treaty	1.559	2,1	805	754	1983	3.342	2,5	2.971	371
1944 stjórnarskrá ²					1987	1.716	1,1	1.398	318
Constitution	2.572	3,5	2.054	518	1988 forsetakjör				
1946	983	1,4	609	374	Presidential election	2.531	2,0	2.123	408
1949	1.216	1,7	874	342	1991	2.373	1,5	2.113	260
					1995	2.708	1,6	2.335	373
					1996 forsetakjör				
					Presidential election	2.101	1,3	1.469	632
					1999	3.697	2,2	3.351	346

¹ Af 100 greiddum atkvæðum. As percent of votes cast.

² Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 1944 greiddi hver kjósendi tvö atkvæði, annars vegar um niðurfellingu sambandslagasamningsins frá 1918 og hins vegar um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. In the referendum of 1944, each voter cast two votes, one on the abrogation of the Danish-Icelandic Union Treaty of 1918 and one on the Constitution of the Republic of Iceland.

8. Úthlutun þingsæta

Allocation of seats in the Althingi

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum kemur hún saman til þess að úthluta þingsætum. Ákvæði kosningalaga um úthlutunina eru í XIV. kafla. Í 111.–115. gr. eru ákvæði um úthlutun þingsæta til landsframboða. Tekið skal fram að með landsframboði er í lögnum átt við þá framboðslista sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað skv. 112. og 113. gr. Þeir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Þessi ákvæði fara hér á eftir (að hluta í 9. kafla) en efni 5. gr., sem vísad er til, var rakið í 1. kafla þessa inngangs:

„111. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-lið fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o. s. frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi 3/4 af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur 2/3 kjördæmistölnnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

112. gr.

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipt milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álitu þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o. s. frv. hæri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

113. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álitu koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álitu þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álitu koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
- b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
- c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
- d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-lið, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í þremur áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur 4/5 af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.

2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atvæða í kjördæmi sínu.

3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

114. gr.

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.“

Í 4. mgr. 115. gr. segir: „Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.“

17. yfirlit. Úthlutun þingsæta til landsframboða í alþingiskosningum 8. maí 1999

Summary 17. Seats allocated to political organizations in general elections 8 May 1999

	Allt landið <i>Iceland</i>	Reykjavík- virkur- kjördæmi	Reykjan- nes- kjördæmi	Vestur- lands- kjördæmi	Vestfjarða- kjördæmi	Norður- lands- kjördæmi vestra	Norður- lands- kjördæmi eystra	Austur- lands- kjördæmi	Suður- lands- kjördæmi
Þingsæti alls									
Members elected, total	63	19	12	5	5	5	6	5	6
B Framsóknarflokkur	12	2	2	1	1	1	1	2	2
D Sjálfstæðisflokkur	26	9	6	2	2	2	2	1	2
F Frjálslyndi flokkurinn	2	1	–	–	1	–	–	–	–
H Húmanistaflokkur	–	–	–	–	–	–	–	–	–
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	–	–	–	•	•	•	•	•	•
S Samfylkingin	17	5	4	2	1	1	1	1	2
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	6	2	–	–	–	1	2	1	–
Z Anarkistar á Íslandi	–	–	•	•	•	•	•	•	•
Þingsæti sem úthlutað er eftir úrslitum í kjördæmum									
Seats allocated according to constituency results	50	15	9	4	4	4	5	4	5
B Framsóknarflokkur	10	1	1	1	1	1	1	2	2
D Sjálfstæðisflokkur	23	8	5	2	1	2	2	1	2
F Frjálslyndi flokkurinn	1	–	–	–	1	–	–	–	–
H Húmanistaflokkur	–	–	–	–	–	–	–	–	–
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	–	–	–	•	•	•	•	•	•
S Samfylkingin	14	5	3	1	1	1	1	1	1
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	2	1	–	–	–	–	1	–	–
Z Anarkistar á Íslandi	–	–	•	•	•	•	•	•	•
Þingsæti sem úthlutað er eftir úrslitum á landinu öllu									
Seats allocated according to national results	13	4	3	1	1	1	1	1	1
B Framsóknarflokkur	2	1	1	–	–	–	–	–	–
D Sjálfstæðisflokkur	3	1	1	–	1	–	–	–	–
F Frjálslyndi flokkurinn	1	1	–	–	–	–	–	–	–
H Húmanistaflokkur	–	–	–	–	–	–	–	–	–
K Kristilegi lýðræðisflokkurinn	–	–	–	•	•	•	•	•	•
S Samfylkingin	3	–	1	1	–	–	–	–	1
U Vinstrihreyfingin – grænt framboð	4	1	–	–	–	1	1	1	–
Z Anarkistar á Íslandi	–	–	•	•	•	•	•	•	•

Í töflu 5 er sýnt hvernig kjördæmistala er reiknuð skv. 111. gr. kosningalaga eftir alþingiskosningarnar 1999. Sést þar að í öllum kjördæmum hefur orðið að fella brott atkvæðatölur lista vegna þess að þær námu minna en 2/3 kjördæmistölnnar, tvisvar í Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra en þrisvar í hinum sex kjördæmunum.

Auk kjördæmistölnnar í síðasta töludálki hvers kjördæmis eru sýndar lágmarksatkvæðatölur þær sem getið er hér að framan í síðari mgr. 111. gr. og í 1. mgr. 113. gr.

Í töflu 6 er sýnd úthlutun þingsæta eftir úrslitum í kjördæmum samkvæmt 111. gr. kosningalaga. Samkvæmt 3. tölulíð 1. mgr. á að úthluta eftir henni að minnsta kosti 3/4 hlutum þeirra sæta sem koma í hlut kjördæmis samkvæmt auglýsingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem áður var getið. Þess vegna koma til úthlutunar eftir 111. gr. 15 sæti í Reykjavíkurborgkjördæmi, 9 í Reykjaneskjördæmi, 5 í Norður-

landskjördæmi eystra og Suðurlandskjördæmi og 4 í hverju hinna kjördæmanna, Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Austurlandskjördæmi. Eru þetta alls 50 sæti, en 13 sætum er þá enn óúthlutað.

Fyrir hvert kjördæmi eru sýndar atkvæðatölur listanna, í upphafi og eftir að kjördæmistala hefur verið dregin frá svo oft sem reikna þarf til þess að úthlutun þingsætanna liggi ljós fyrir. Þar á eftir er sýnd úthlutunarröð þingsæta samkvæmt atkvæðatölum. Sjálfstæðisflokkur hlaut flest þingsæti í þessari úthlutun, 23, Samfylkingin 14, Framsóknarflokkur 10, Vinstrihreyfingin – grænt framboð 2 og Frjálslyndi flokkurinn 1 sæti. Húmanistaflokkur, Kristilegi lýðræðisflokkurinn, og Anarkistar á Íslandi hlutu ekki þingsæti.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal skv. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar gæta þess svo sem

kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, þeim sem bundin eru og þeim sem ráðstafað er fyrir kosningar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu.

Úthlutun þingsæta til landsframboða eftir úrslitum á landinu öllu, samkvæmt 112. gr. kosningalaga, er sýnd í töflu 7. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hlaut 4 sæti, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur hlutu 3 sæti hvort, Framsóknarflokkur 2 og Frjálslyndi flokkurinn 1 sæti. Hefur Framsóknarflokkur aldrei áður hlotið svokölluð uppþótarsæti, þ.e. hvorki þingsæti samkvæmt 112. grein núverandi kosningalaga né heldur landskjörna þingmenn samkvæmt kosningalögum frá 1934 og 1959.

Til þess að ráðstafa þessum 13 þingsætum þarf fyrst að reikna kjördæmistölu að nýju samkvæmt 2. mgr. 113. gr. kosningalaga. Sá reikningur er sýndur í töflu 8.

Úthlutun þingsæta samkvæmt 113. gr. kosningalaga skiptist þannig á áfangana sem ákveðnir eru í 3. mgr.: 6 sætum var úthlutað í fyrsta áfanga, 3 í öðrum og 4 í þriðja áfanga.

Í töflu 9 er sýnt hvernig þingsætum var úthlutað samkvæmt 113. gr. Í 17. yfirliti er sýnd tala þingsæta sem hvert landsframboð hlaut í hverju kjördæmi, í heild og eftir úthlutunarreglum 111. og 113. gr. Alls hlaut Sjálfstæðisflokkur 27 þingsæti, Samfylkingin 17, Framsóknarflokkur 12, Vinstrihreyfingin – grænt framboð 6 og Frjálslyndi flokkurinn 2 þingsæti.

Í töflu 7 sést hve mörg atkvæði reyndust að baki hverju þingsæti landsframboðanna. Að lokinni úthlutun allra þingsæta eru flest atkvæði að baki þingmanna Frjálslynda flokksins, 3.460. Samfylkingin hefur 2.611 atkvæði að baki hverjum þingmanni, Sjálfstæðisflokkur 2.597, Framsóknarflokkur 2.535 og Vinstrihreyfingin – grænt framboð 2.519.

Þar sem öll stjórnmalasamtökin fimm hlutu þingsæti samkvæmt 112. grein kosningalaga náðist samkvæmt eðli máls fullur jöfnuður milli þeirra við úthlutun þingsæta. Þó að Framsóknarflokkur hlyti ekki þingsæti samkvæmt þeirri grein í kosningunum 1991 og 1995 náðist einnig fullur jöfnuður þá því að þegar lokið var úthlutun allra þingsæta átti ekkert landsframboðanna óúthlutað sæti með hærri atkvæðatölu að baki en var að baki þingmanna Framsóknarflokks.

9. Breytingar á framboðslistum

Changes in candidate lists

